

ÁRBÓK

HINS

ISLENZKA FORNLEIFAFJELAGS

1897.

REYKJAVÍK.

PRENTUÐ Í ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJU.

1897.

ÁRBÓK

H I N S

ÍSLENZKA FORNLEIFAFJELAGS

1897.

R E Y K J A V Í K.

PRENTUÐ í ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJU.

1897.

Efnisyírlit.

Rannsóknir í Mýra- Hnappadals- og Snæfellsnessýslum sumarið 1896. Eptir Brynjúlf Jónsson. (Gufuskálar s. 1. Grímólfstaðir s. 3. Hvar bar kistu Kveldúlfs að landi? s. 4. Skallagrímshaugur s. 6. Bjarnartöður s. 8. Skáli Skallagríms s. 9. Vesturtakmörk á landnámi Skallagríms s. 9. Hólmur s. 10. Hítardalur s. 10. Grettisbæli í Fagraskógsfjalli s. 11. Hofþóft á Hofstöðum í Miklaholtshrepp s. 11. Straumfjarðarþingstaður s. 12. Þórsness þingstaður s. 13. Bólstaður við Vaðilshöfða s. 14. Hoftóft í Stóra-Langadal s. 14. Smiðjusteinn að Dunki s. 15. Viðaukar. Hoftóft o. fl. í Bersatungu s. 15. Hoftóft? á Ásbjarnarstöðum s. 16. Haugur? í Hvammi s. 16.). Bls. 1—16.

Fyrirsát á Skógarströnd. Eptir Brynjúlf Jónsson	— 17.
Fjall í Ölfusi. Eptir Brynjúlf Jónsson	— 18—20.
Athugasemdir um Þjórsárdal. Eptir Brynjúlf Jónsson	— 20—21.
Kjallaragröfin á Skriðu í Fljótsdal. Eptir cand. med. & chir. Jón Jónsson	— 21—24.
Hin síðasta útbrotakirkja á Íslandi. Eptir Brynjúlf Jónsson	— 25—28.
Yfirlit yfir þá muni, er forngripasafni Íslands hafa bæzt 1896. Eptir Jón Jakobsson	— 29—32.
Smávegis. Eptir Björn M. Ólsen. I. Legsteinar og grafskriftir með latínuletri	— 33—39.
Legsteinn á Gufunesi. Eptir Þórhall Bjarnarson	— 40.
Um myndir af gripum í forngripasafni Íslands. Eptir Pálma Pálsson. (Belti með sprota s. 41. Gamall stóll s. 43)	— 41—44.
Skýrsla (Aðalfundur fjelagsins s. 45. Stjórnendur 46. Reikningur 46. Fjelagar 47.)	— 45—49.
Leiðrjettingar	— 50.

Rannsókn

í Mýra- Hnappadals- og Snæfellsnessýslum sumarið 1896.

Eptir

Brynjólf Jónssoo.



I. Gufuskálar.

Svo segir í Landn. II. 24. »Ketill gufa . . . fekk öngvan bústað á Nesjum, ok fór hann inn í Borgarfjörð, ok sat hinn þriðja vetr at Gufuskálum við Gufá«. — Og svo segir í Eglu, kap. 77.: »Síðan fór hann (Ketill gufa) inn í Borgarfjörð, ok sat þar hinn þriðja vetr, er síðan er kallat at Gufuskálum, en áin Gufá, er þar fellr í ofan, er hann hafði skip sitt í um vetrinn«. — Nú er örnefnid *Gufuskálar* ekki til, og ekki hægt að segja, hve langt er síðan það týndist. En sízt er að undra þó það hafi horfið, því *staðurinn*, sem bar það nafn, er ekki framar til. Svo stendur nefnilega á, að allstaðar inn með Borgarfirði norðanmegin brýtur sjórinn landið árlega, þar sem ekki er fast berg fyrir. Svo hefir gengið frá ómunatíð, því sunnanveður eru þar oft mjög sterk, er vindur stendur fyrir Hafnarfjall. Hefir sjórinn því smámsaman lagt þar undir sig mikið viðlendi og myndað úr því leirgrynnigar. En aftur á móti breikkar landið af árburði sunnanmegin fjarðarins. Sjór fellur út af leirgrynnungunum um fjöru; en Hvítá fylgir norðurströndinni út fjöruna og færist því stöðugt norður á við. Liggur nú straumsvið hennar um það svæði, sem Gufuskálar hafa áður verið. Það er allt afbrotið, svæðið sem þeir hafa verið á, nema líttang, út af Ölvardsstæða-eingjum, sem heitir Lambatangi, og er hann þó umflotinn af sjó um flóð nú orðið. Á honum er tóft, nokkuð fornleg, og þykir vera mega, að hún sje eftir af búðatóftum á Gufuskálum, er smámsaman hefir orðið að færa undan sjó. En búðir hafa þó verið

þar meðan sigling var upp í Gufá. Enga áherzlu legg jeg samt á það, hvort tóftin á Lambatanga er forn búðatóft eða ekki. Um það er ekkert hægt að fullyrða. Milli Gufáróss, þar sem hann er nú, og Hvítáróss er nokkuð langt um flóð. En í fornöld, meðan landið var svo miklu breiðara, eru likur til að Gufárós hafi verið tölувvert austar og nær Hvítárosi. En Gufuskálar hafa verið fyrir austan Gufárós en vestan Hvítárós. Hafa þeir því í fyrstunni, er þeir fengu nafnið, verið nálægt Fjarðarbotninum ofan frá Ferjubakka, en smámsaman færst norðvestur á við, unz þeir hurfu með öllu. Þegar þetta er haft í huga, verður ferð Þórðar Kakala (Sturl. 7. þ. 10. k.) jafn auðskilin eins og hún virðist torskilin, ef landslag á þessum stöðum er hugsað að hafa verið eins og nú, og Gufuskálar nálægt Gufárósi sem nú er. Þar segir svo: »Reið Þórðr þá ofaneftir dal ok ætlaði yfir um á at Gufuskálum, og svo vestr Langavatnsdal. En En er hann kom ofan á Völlu, var sagt at ei væri hrossis yfir ána; sneri þá flokkrinn allr upp til Grófarvaðs.« Hjer stendur raunar: »ofan« til Grófarvaðs; en það er auðsæ ritvilla. — En örnefnið Gufuskálar mun vera rjett. Þar niður við ósinn, — hjá eða skammt frá þessum alþekkta stað, sem því var sjálfsagt að miða við, — leggur Hvítá fyr enn annarsstaðar; hefir Þórður þózt ganga að því vísu, að eftir nordanveðrið, sem undan var gengið, hlyti hún að halda þar. Og þó það væri mikill krókur að fara ofan þangað, er síðan skyldi þó riða Langavatnsdal, þá mátti telja það tilvinnandi, til að komast tafarlaust yfir ána; enda hefir það ekki verið fyrirsjáanlegt um morguninn, að þá væri nokkurt vað á henni fært fyrir isskriði. Var því ekki um annað að gjöra enn fara krókinn. Hefir Þórður því farið sem beinast úr Lundarreykjadal ofan á Völlu. Ari á Lundi hefir ógjörla vitað hvar Þórður mundi fara um hjeraðið; hann reið fil Bæjar »sem hvatast«, »er hann varð varr við flokk Þórðar«. Hann hefir ekki beðið þess, að hafa tal af þeim, en þótt vissara að vara Böðvar við í tíma, eins og nærrí má geta. — Svo er að sjá, sem veður hafi gengið til þíðu, er fram á daginn kom. Þegar Þórður kemur á Völlu, er frost svo dregið úr, að ísnum sem nýlagður var á ána, þótti ekki treystandi; enda isskriðið farið að rjena svo, að nú sást, að Grófarvað mundi verða orðið fært þegar þangað kæmi. Þórður er því á rjettri leið þangað, er hann fellur í síkið upp frá Þingnesi. — Kolbeinn hefir líka ætlað, að áin væri fær á ís niðurfrá, en vöðin ófær. Hann er í engum efa um að elta Þórð »ofan á Völlu«. Pangad hefir hann komið er Þórður var nýfarinn. Þetta sýnist allt mjög ljóst og auðskilið. Hygg jég vafalaust, að Sigurður sál. Vigfússon hefði komið að þessari sömu niðurstöðu, ef hann hefði hitt fyrir nógu kunnuga menn til að bera sig

saman við. Um aðra staði, sem hann nefnir í þessu sambandi, svo sem *Grófarvað, Bakka, Bakkavað* o. fl. er jeg honum alveg sámdóma og vísa til þess sem hann hefir sagt. (Árb. fornl.fjel. 1884—85, bls. 106—112).

II. Grimólfssstaðir.

Svo segir í Eglu, k. 28: »Grimólfr byggði fyrst á *Grimólfss-töðum*. Við hann er kennd *Grimólfssfit* og *Grimólfslækr*«. Öll þessi örnetni eru nú týnd; en *Grimólfskelda* heitir mýrarkelda ein, er rennur til austurs í vogsbotninn, sem er austanhalt niðurundan bænum Hamri. Kelda þessi er enginn »lækr« og hefir vist aldrei verið. En vogurinn sem þar er, og fyllir út milli Einarsness og Digraness (nú Borgarness) hefir til forna verið lítill eða enginn; hefir þar verið flæðiengi sem nú er sjór; hefir keldan, er hún kom þar ofan á engið, orðið að læk; er þar hefir runnið út í sjóinn. Vestan fram með þeim læk mun engið hafa heitið *Grimólfssfit*. Holt eitt lítið er snnnanmegin keldunnar nokkrum föðnum ofar en hún kemur nú í vogsbotninn; á því holti er rúst, fornleg og óglögg; eigi er hægt að ákveða stærð hennar, því af austurenda holtsins hefir allur jarðvegur blásið burt og er flagið nýgróið; hefir þar blásið burt austurhluti rústarinnar. Norðan og vestan við hana eru líka dálítíl rof. Finnast þar molar af sindri og gjalli. Jeg hirti þar lítinn mola, sem leit út fyrir að vera hálfbræddur járnsteinn, og gaf jeg hann fornripasafnið. Það er sennilegt að þessi rúst sje eftir af bænum *Grimólfss töðum*; bendir keldan einkum til þess. En eigi ber afstöðu þessarar rústar allskostar heim við afstöðu rústar þeirrar, er S. V. ætar vera *Grimólfssstaði*. Þó má vera að allt sje sama rústin; og hafi hann ekki sjeð hana sjálfur, en farið eftir annara sögn og henni eigi vel greinilegri.

III. Granastaðir.

Svo segir í Eglu, 28. k: »Grani bjó á *Granastöðum* í Digranesi. *Digranes* er hið sama nes, sem nú er kallað *Borgarnes*. Nafninu var breytt þá er það var gjört að verzlunarstað. Það er allstórt nes, myndað af misstórum klapparásum með lautum og sundum á milli. Rústir fann jeg þar á þrem stöðum. Hin syðsta er spölkorn fyrir norðan Skallagrímsdal; hún er í brattri brekku sunnan í háum ás vestantil á nesinu. Hún er gamalleg og mikil um sig, en hefir þó helzt útlit fyrir að vera stekkjartóft. Bæjartóft er það auðsjáanlega ekki. Miðrústin er lengra inn á nesinu austan-

til; það er allglögg stekkjartóft og eigi gömul. Þriðja rústin er næstum innst á nesinu vestanverðu. Gengur þar klapparnef vestur í voginn; en sjór hefir brotið sig inn með því báðum megin, er ádur má hafa verið láglent graslendi. Nefið er hæst að framan, en slakki milli þess og ásbrekkunnar fyrir ofan. Í þeim slakka er rústin. Hana hygg jeg vera rúst *Granastaða*. Hún er allstórd um sig: um 12 faðm. frá austri til vesturs og um 9 faðm. frá norðri til suðurs. Eigi var hún glöggvari en svo, að jeg varð að láta grafa í hana skurð, til þess að fá hugmynd um legu veggjanna. Þóttist jeg sjá, að hjer mundi vera 3 tóftir samhliða frá norðri til suðurs, en þó breitt bil milli hinnar auststu og hinna tveggja; en þær astur hafa að eins vegg milli sín. Vestasti veggurinn leit út fyrir að hafa verið um 4 álna þykkur, en tóftin að eins rúml. 3 álnir á breidd; milliveggurinn nær 3 al. þykkur og innri tóftin þar á bord við; en innsti veggurinn, við millibilið, eigi meir en svo sem $1\frac{1}{2}$ al. þykkur. Millibilið 3 faðma breitt, og ætla jeg að vottað hafi fyrir hleðslu fyrir öllum suðurenda þess. Í norðurendanum hugði jeg það opið að mestu eða öllu. Austasta tóftin var um 8 al. breið. Vestur veggur hennar, sem að millibilinu vissi, virtist glöggvari en hinir ádurtoldu; en er í hann var grafið, urðu tyrir sundurlausir steinar, en eigi samfelld hleðsla, og gat jeg því eigi ákveðið þykkt hans. Má vera að þar hafi hitzt á dyr, er snúið hafi inn að millibilinu. Þó skal jeg ekkert fullyrða um það, og yfir höfuð ekki um dyr á neinni at tóftum þessum. Norðurenda auststu tóftarinnar ljet jeg grafa út, lágu þar steinar miðsvæðis, er mynduðu eins og dálítinn flór og ferhyrnd hola við norðurenda hans, þó vantaði Stein fyrir nordurhlíð hennar. Þetta hefði getað verið eldstæði, en eldslitur sást þó ekki á steinunum. — Vegna óveðurs og vegna þess að verkamenn voru torfengnir um sláttinn, varð jeg að hætta þessum útgrefti án þess að komast til fullrar vissu. En þess gætti jeg, að eigi væri haggað steinum þeim, er í ljós komu er grafið var.

IV. Hvar bar kistu Kvöldúlfs að landi?

Svo segir í Landn. I. 18.: »Grímr enn háleyski . . . var forráðamaðr með Kvöldúlfí á því skipi er hann stýrði; . . . ok er mjök sóttist hafit tók Kvöldúlfr sótt; hann bað þess, at kistu skyldi gera at liki hans ef hann dæi, ok bað svá segja Grimi syni sinum, at hann tæki skammt þaðan bústað á Íslandi, er kista hans kæmi á land, ef þess yrði audit. Eftir þat andaðist Kvöldúlfr, ok var skotit fyrir bord kistu hans. Þeir Grímur sigldu suðr um landit, . . . vestr fyrir Reykjanes ok stefndu inn á fjörðinn; skildi þá með þeim

svá at hvarigir vissu til annara. Sigldu þeir Grímr enn háleyski alt inn á fjörðinn, þar til er þraut sker öll, ok köstuðu þá akkerum sínum. En er flóð gerði fluttust þeir upp í áros einn ok leiddu þar upp skipit sem gekk, sú á heitir nú Gufá; enn er þeir könnuðu landjö, höfdu þeir skammt gengit út frá skipinu, áðr þeir fundu kistu Kvöldúlfss rekna í vík eina; þeir báru hana á það nes er þar var, og hlóðu at grjóti». Frásögn Eglu um þetta, k. 27. er litið eitt orðfleiri, en efninu ber svo saman, sem ritari annarar sögunnar hefði kunnað hina. En hjer má segja um frásögn beggja þetta vanalega: »Það er eins og í sögu segir«. Söguritararnir hafa fundið til þess, að frásögnin getur því að eins orðið lifleg og fögur að hún sje ekki limuð sundur með óþarfríl nákvæmni. Þeir segja bádir frá sótt Kvöldúlfss, ráðstöfun hans og dauða hans, öllu í einu lagi; það var allt svo skilt. En svo fara þeir að segja frá Grími háleyska og ferð hans. Þeir ætlast til þess, sem eigi er heldur of-aetlun, að lesandinn sjái, að hjer er sagt frá tvennu, sem gerist á sama tíma, að mestu leyti, og honum líklega eigi allstuttum; en þó fyrst sagt frá öðru og síðan frá hinu, svo frásögnin yrði liflegri og fegri. Verður að gjöra sjer ljósan gang sözunnar á þessa leið: Grímr háleyski, sem var forráðamaður með Kvöldúlfss, tók alveg við stjórn skipsins er Kvöldúlfur sýktist, en þó var hann talinn fyrir meðan hann lifði. Það var þá »er sóttist hafit« að Kvöldúlfur, sýktist. Honum þyngir æ meir á leiðinni suður fyrir landið og inn á Faxaflóa. Þá gerir óvedur og skipin skiljast að. Nú verður Kvöldúlfur »banvænn« og gerir ráðstöfun sína. Þá er hann deyr, er skipið komið inn í mynni Borgarfjarðar og þar er kistu hans skotið fyrir bord. Hefði það verið gjört úti í regin hafi, þá er líklegast, að hún hefði ekki einusinni borizt inn í flóann. Og hefði það verið gjört einhversstaðar úti á flóanum, þá er hætt við, að hún hefði fremur borizt aðra leið enn inn í Borgarfjörð. En úr því hún var komin inn í fjardarmynninið, var aðfallið ekki lengi að bera hana inneftir, og þá var líklegra, eftir því sem tilhagar, að hún lenti norðanmegin. Þó liggja straumar þannig, að hefði hún sloppið inn fyrir vík þá í Digranesi, er gengur upp að suðurendanum á Skallagrímsdal, þá gat hún naumast náð landi utar enn í Einarsnesi. Sagan virðist nú lika benda til þess, að kistan hafi lent nokkuð innarlega, því þeir Grímur fundu hana, »er þeir höfdu skammt farit« út með firði frá Gufá. Auðvitað er þó, að kistan hefir ekki lent í Einarsnesi, því þá hetði Skallagrímur byggt þar enn ekki að Borg. Menn hafa samt talið víst, að hún hafi lent innantil við Digranes; mun sögn um það hafa gengið í munnmælum áður, að legstaður Kvöldúlfss hafi verið á Kvöldúlfshöfða; og það örnefni

tilorðið af þeim munnmælum. Um sannleik í þeim er ekkert hægt að segja. Þó er líklegra, að Kvöldúlfshöfði væri nefndur í söguñni, ef hann hefði borið það nafn þá er hún var rituð. Það er nú líklegra, að kistan hafi ekki borizt innfyrir víkina við Skallagrímsdal, sem fyr er nefnd. Og hefði hún lent í þeirri vík, lá næst að jarða hana þar í dalnum, og þá lá líka beint við, að heygja Skallagrím einnig í sama dalnum, hafa hann fyrir *grafreit attarinnar*. Þetta er falleg hugmynd og sennileg, því fremur sem þar í sunnanverðum dalnum er ávöl grjótbunga, eigi ólik útflöttum haug. Í hana ljet jeg því grafa; en hún reyndist náttúrlegur grjótbali, og ekki mannaverk. Við það styrktist hjá mjer sú hugsun, — sem raunar vakti fyrir mjer ádur, — að meiri áherzlu beri að leggja á þessi orð sögunnar (Landn.): »hann (Skallagrímur) reisti bæ hjá vík þeirri er kista Kvöldúlfss kom á land«, heldur en á orðin: »þá höfðu þeir skammt gengit« o. s. f. v., því orðið »skammt« hefir mjög óákveðna merkingu, en orðin: »hjá vík þeirri« eru beint ákveðin og geta ekki átt við annað enn *Borgarvog*. Þá hefir hann getað heitið »vík«, því þá hefir allur innri hluti hans verið graslendi (flæðiengi), en sjórinn síðan brotið það af þar eina og viðar. Um það flæðiengi hefir Borgarlækur runnið út í víkina, og verið skipgengur um flóð. Egla nefnir hann samit »vág«; og hún gefur í skyn, að kistan hafi eigi lent inni í vognum sjálffum, en að hann (Borgarvogur) hafi verið *næstur því er Kvöldúlfur kom til lands*. Þetta er nú óákveðið. Það getur bædi, átt við Digranes, austan vogsins, og líka við ströndina *fyrir restan hann*. Mjer þykir þetta síðasta eigi ósennilegt; getur *nes* það, er þeir jörðuðu Kvöldúlf á, verið eitthvert nafnlaust smánes þar. — Yfir höfuð verður ekkert fullyrt um þetta, þar eð ekki hefir tekizt að uppgötva nein merki, er bendi á legstað Kvöldúlfss á nokkrum vissum stað.

V. Skallagrímshaugur.

Svo segir Egla: k. 58: «En um morginina at flóði var lagðr Skallagrínur í skip ok róit með hann út til Digraness, lét Egill þar gjöra haug á framanverðu nesinu. Var þar í lagðr Skallagrímr ok hestr hans ok vapn hans ok smiðatól». Eins og frá er skýrt í Árbók fornleifafjel. 1886, bls. 7, er haugur Skallagríms í lægð þeirri, sem gengur um þvert Digranes framanvert og sem kallað er *Skallagrímsdalur*. Í minni gamalla manna var dalurinn þakinn rennsljettu graslendi með svo þykkum jarðvegi, að ekki sá á háuginn, er var niður sokkinn, utan steina nokkra, er hlaðið hafði verið saman á toppi hans. Nú er þar allur jarðvegur blásinn burt, svo

ekkert er eftir; þar er allstaðar svartur sandur, viðast blautur, en undir honum rauðleit klöpp, ekki allhörd („járngrjót“), og er mylsna úr henni víða í sandinum. Í bungunni, sem fyr er getið að jeg gróf í, liggur sundursprunginn blágrýtishryggur ofan á henni og möl og sandur utan um. — Vegurinn til Borgarnesskaupstaðar liggur skáhalt yfir dalinn. Rjett vestan við veginn, í miðjum dalnum, er Skallagrímshaugur. Hann er nú ekki annað enn ávöl bunga úr grjóti og sandi, næstum kringlótt. Laut er ofan í og norður úr, og var hún full af sandi, er jeg kom þar. Lautin sýnir vegsummerkin, að grafið hefir verið í hauginn. Fyrst er sagt, að Húnvetningur einn hafi orðið til þess, enn eigi eru ljósar sagnir um það: þó er helzt í orði, að hann hafi hætt við hálf-gjört verk; hefir það liklega komið af því, að honum hefir ekki þótt árennilegt, að eiga við stein þann hinn mikla, sem lagður hafði verið ofan á Steinþróna í haugnum. En svo gróf Andrjes Fjeldsteð ódalsbóni á Hvítárvöllum hauginn upp 1866. Þeir voru 6 saman, og var einn þeirra Jónas Guðmundsson smiður, bróðurson Þórðar yfirdómara Sveinbjörnssonar. Hann var þá heimamaður á Hvítárvöllum, en býr nú á Ölvaldsstöðum, 65 ára gamall; hann er greindur og vel að sjer og þykir áreiðanlegur maður. Hann skýrði mjer frá haugrofinu svo, sem nú skal greina: Þá er þeir komu að haugnum, leit hann út sem ávöl grjóthrúga og stórt bjarg á kollinum. Þeim tókst að velta því af. Þar undir fundu þeir sporöskjulagða steinþró, hlaðna úr stórgreyti, og var hún full af sandi og aur. Þóttust þeir ekki mundu geta náð öllu upp úr henni, án þess að rífa hana sjálfa til rýmkunar. Og þar eð þeir bjuggust við, að hún væri gjör af stórgreyti er lengra kæmi niður, þá gjörðu þeir fyrst gríð mikla vestan við þróna, til að velta í grjótinu. Samt köstuðu þeir út steinunum, sem ofan til voru og þeir gátu vel við ráðið. Loks komu þeir niður á móhellu (rauðaberg) og höfðu þá rutt mest öllu grjóti úr þrónni. Á botni hennar fundu þeir mikið af járnryði, en ekkert bein og engan málmannan. Öll var hleðsla þróarinnar úr lagi gengin, og álitu þeir, að hún mundi hafa hrundið, þá er upp úr henni var mokað, þó þeir hefði ekki rifið hana. Lengd hennar frá norðri til suðurs var hjer um bil 4 álnir, en breidd frá austri til vesturs um 3 álnir. (Þeir mældu það ekki nákvæmlega). Ekki sáu þeir með vissu vegsummerki þess, að haugurinn hefði áður verið grafinn eða Steinþrónni haggð. Þó voru þeir ekki óhræddir um það. Í skýrslu, er Andrjes sjáltur gaf um þetta haugrot (Skýrsl. forngr. Isl. II. 45—46; Árb. fornleifafjel. 1886, bls. 7), er þess getið, — sem Jónas mundi ekki eftir, — að »á eina hlið haugsins varð örurvísí lagt grjótið og sumir steinar utar«. En mundi þetta eigi geta staðað af þeirri röskun á

hleðslunni í haugnum, sem Egill hefir sjálfur hlotið að gera, er hann »lagði Böðvar niður hjá Skallagrími«. Steininn mikli, er þeir veltu af haugnum, liggur enn utan í honum við veginn, en grófin, sem þeir grófu í hauginn, hefir fyllst af foksandi. Ljet jeg moka honum burt, til að sjá leifar þær, er eftir kynnu að vera af steinþrónni. En, því miður, var ekki einu sinni undirstaðan óhreifð, nema lítið eitt austan megin. Er þar mikill skaði orðinn, en tjáir eigi um að tala. Vestur frá haugnum var dálítil grjótbreiða í sandinum, eigi ólik því að geta verið leifar af dys. Þar gróf jeg til, en fann ekki annað enn klofning af hálfþúinni hesttönn. Datt mjer í hug, að hestur Skallagríms kynni að vera dysjaður þar, en eigi í haugnum hjá Skallagrími sjálfum. Þó sagan bendi helzt til þess, gæti það verið ónákvæmni. En ekki er farandi út í slíkt, þar sem eigi er við meira að styðjast.

VI. Bjarnartöður.

Svo segir Egla, k. 33. »Skallagrímr bauð þeim Birni báðum til sín með alla skipverja sína. Björn þekktist þat. Var þá fluttr farmr af skipinu upp í tún at Borg. Settu þeir þar búdir sínar, en skipit var leitt upp í læk þann er þar verðr. En þar er kallat Bjarnartöður er þeir Björn hötdu búdir. Björn ok þeir skipverjar allir fóru til vistar með Skallagrími«. Menn hefir greint á um, hvar Bjarnartöður muni hafa verið. Sumir ætla, að þær hafi verið í heimatúni á Borg. Þar er rúst ein, fornleg og óglögg, í brekku-brúninni rjett fyrir neðan bæinn, vestur við lækjarbakkann og þar sjer fyrir nausti niður við lækinn. Hefir þess verið getið til, að þessi rúst sje af skála Bjarnar, og að þar hafi verið naustið, er skip hans stóð í. Er þá sjerstaklega lítið til þess, að sagan segir: »upp í tún«, og »Bjarnartöður« benda lika á tún. En hvað sem því liður, þá segir það sig sjálfst, að ekki hetði verið gefið sjerstakt ör-nefni þeim hluta túnsins, er liggur við bæinn sjálfan. Og naust-tóftin sýnist að vera smáskips naust frá síðari öldum. Því hafa og aðrir getið til, að Bjarnartöður hafi verið á hól þeim, er verður vestan megin við lækinn gagnvart bænum. Þar sjer móta fyrir skálatóft, sem þó virðist búið að taka úr grjót allt, — hafi það nokkurt verið. Á þessu máli var Sigurður sál. Vigfússon. Hefir hann álit, sem líka er rjett, að þó nú sje mói á hólnum, hafi þar getað verið tún áður. Og það vill nú svo vel til, að sýna má vott þess, að þar hefir verið ræktað land áður og þá auðvitað tún. Þar liggur nefnilega forn gardur með hólnum öllum að ofanverðu austan frá læknum vestur og ofan að myri. Lækurinn skilur hólinn frá

heimatúninu á Borg, og lá því beint við, að gefa aukatúninu í hólnum sjerstakt nafn. — Enginn virðist hafa orðið til að benda S. V. á gard þenna; annars hefði hann getið hans, og án efa talið hann góðan stuðning fyrir skoðun sína, sem hann enda virðist ekki hafa verið í vafa um. Þar eru engar líkur móti, en margar með, sem S. V. hefir bent á. Þó tel jeg þessa eigi hvað minnst verða. — Nú ætlar Einar prófastur Friðgeirsson á Borg að græða tún á hólnum að nýju; Bjarnartöður geta þá aftur farið að bera nafn með rentu. Nordanvert við töftina sjer fyrir rústaleifum í hólbrekunni, er liggja ofan að læknum. Hvort það eru leifar af nausti, eða eitt hvað annað, er ekki hægt að segja. Þær eru svo óglöggar.

VII. Skáli Skallagríms.

Það mun hafa verið algengast, að fornmann væri heygðir þar, sem hauginn sá frá karldyrum. Hvað Skallagrímshaug snertir, gat þetta því að eins átt sjær stað, að skálinn hafi staðið vestar enn bærinn stendur nú. Nú hafa og komið fram líkur til þess, að svo hafi verið. Einar prófastur hefir nýlega byggt timburhús með kjallara undir vestan við bæinn að Borg, og þá er grafid var fyrir kjallaranum, varð fyrir, vestast í honum, mjór og aflangur flór, er virtist hafa steinaraðir á bádum jöðum. Það er varla efamál, að þetta hafi verið arinn í eldaskála. Eigi varð hjá því komið, að taka þetta burtu, því annars hefði kjallarinn varla fengið bálfá dýpt. En til allrar hamingju var þetta að eins austurendinn af arninum. Nokkuð, líklega talsvert, er eftir af honum, og er þess að leita undir skúrgólf vestan við timburhúsið. Tjáir sjera Einar sig fúsan til að leyfa grótt í skúrnum, ef Fornleifafjelagið óskar þess. Hafi nú þetta verið arinn Skallagríms, sem geta má til, þá hefir skáli hans verið vestar, eða að minnsta kosti gengið lengra vestur, enn bærinn er nú; og þá gat það vel átt sjær stað, að haugurinn sæist frá karldyrum.

VIII. Vesturtakmörk á landnámi Skallagríms.

Svo segir Egla, k. 28.: »Pá nam Skallagrímr land milli fjalls ok fjöru, Mýrar allar út til Selalóns ok it efra til Borgarhrauns. Nafnið Selalón er nú týnt; en almennt ætla menn, að það sje Kaldárós. Líklegra þykir mjer þó, að allt hið mikla lón fyrir innan Gömlueyri hafi heitið Selalón fyrrum. En út í það fellur Kaldá, svo þetta kemur í sama stað niður. Borgarhraun ætla flestir að sje

Eldborgarhraun. En það hraun brann ekki fyr enn löngu seinna, svo Skallagrímur gat ekki miðað við það. Mun hann því heldur hafa miðað við *Barnaborgarhraun*, austan megin við Kaldá. Það er og nærri fjallinu. Það kemur betur heim við Landnámu, að þar hafi verið vesturtakmörkin á landnámi Skallagríms. Á þessu vakti Helgi verzlunarfulltrúi Jónsson í Borgarnesi eftirtekt mina.

IX. Hólmur.

Inni í miðjum dalnum Hítardal er einstakt fell, sem hvergi er áfast fjöllunum beggja megin dalsins, enda er það ólikt öllum fjöllum og ásum þar nálægt, og þó viðar sje leitað, að því, að það er alvaxið grænu grasi, og má svo kalla, að *hvergi sjáist steinn* í því. Litr svo út, sem þar inni í dalnum sje ekki eins rigningasamt og viða annarstaðar. Annars mundu hjer meiri skridur fallnar. Fell þetta er kallað *Hólmurinn*. Fyrir innan Hólminn er láglendi dalsins allt eitt stöðuvatn. Þar kvað vera silungur nægur. Bærinn *Hólmur*, þar sem Björn Hítðaelakappi bjó, hefir staðið vestan undir norðvesturhorni fellsins. Þar eru sljettar grundir og lækur kemur þar út úr dýi vestan í fjallshorninu, og rennur vestur um grundina og svo í Hitará. Rústin er skammt suðaustur frá læknum, næstum því fast upp við fellið. Þó er gamall farvegur eftir lækinn bak við rústina, suður og vestur fyrir hana, og kvíslast þar út um grundina. Er að sjá sem vatninu hafi verið veitt á túnið. Rústin er allmikill bali, um 18 faðma langur frá norðvestri til suðausturs. Fyrir tóftum vottar, en þó eigi glöggt. (Læt jeg fylgja uppdrátt af rústinni). Frá noiðurhorninu liggur mjó en djúp laut í boga norður og austur að lækjafarinu. Það hafa verið traðir heim að bænum eða djúpur götutroðningur. Þaðan liggur svo torn vegur inn með fellinu að norðan, inn að vatninu. Þaðan mun hann hafa legið vestur að ánni og yfir hana á vaði, nálægt því er hún fellur úr vatninu. Vestast á grundinni við ána eru seltóftir eigi allfáar, og þarf ekki að taka það fram, að þær eru frá síðari tímum og standa ekki í sambandi við bæjarrústina. Neðst í suðausturhorni fellsins er dálítil sljett brekka, mjög fögur. Þar þótti mjer sem vottaði fyrir garðlagi. Hygg jeg að þar hafi verið akur.

X. Hítardalur.

Nú er hinn forni höfuðbolsbragur horfinn frá Hítardal; litur helzt út fyrir, að hann leggist í eyði áður langt liður. Skógurinn

er horfinn og landið að blása upp, bæði tún og útjörd. Þar er móberg fyrir ofan túnið og hellar í. Einn þeirra er *Sönghellir*; hann er nú nær fullur af sandi. Þar sjer og glöggt fyrir öðrum helli, sem hefir hrunið niður. Hann hefir verið mjög viður og öll framhlið hans opin og hlaðið undir. Því get jeg hans, að mjer kom í hug, að fornmann mundu hafa kallað hann *Hít*, og kennt við hann dalinn, ána og bæinn. Seinna, — og þó áður enn *Bárðarsaga* var rituð, — hefir hann þá týnt nafninu og verið kallaður *Hundahellir* en *Hítar-nafnið* orðið að tröllkonuheiti. Þó held jeg þessari getgátu ekki fast fram. Eins vel getur t. a. m. dalurinn haft nafn af landnámskonu, er hafi verið kölluð »Hít« að viðurnefni. Í kirkjugardínum eru tveir legsteinar: annar yfir sjera Sæmundi Oddssyni, hann er úr marmara; hinn er yfir sjera Ólafi Jónssyni; hann er úr Húsa-fellssteini eða líkri steintegund. Sæmundarsteinn er við dyr kirkjutóftarinnar og snýr frá landnorðri til útsuðurs; mun hafa átt að færa hann burt, en verið hætt við það.

XI. Grettisbæli í Fagraskógsfjalli.

Eigi gat jeg farið upp á tindinn *Grettisbæli*. En sagt var mjer, að eigi væri torvelt að komast upp á norðurenda hans, þar sem hann er áfastur aðalfjallinu, og að þaðan mætti komast fram á suðurenda hans eftir sljettri berghyllu, er lægi langs með klettabríska-rödinni sem er efst á tindinum, austan undir henni, alla leið fram að gatinu, sem Grettir á að hafa búið í. Þó fann jeg engan, sem sjálfur hafði komið þangað og menn vissu ekki af neinum nýlifandi, sem hefði reynt til þess. Gatið sjest vel neðan af veginum, og getur því ekki verið mjög litið. Hvort hátt er upp í það af berghyllunni, gat enginn sagt mjer. En þó að það kunni að vera nokkuð hátt, gat Grettir vel gjört trúppur í móbergið, þó þær sjáist nú að líkindum ekki, því móbergið máist. Í það var og hægt að negla voðirnar. Jeg efast mjög um, að full ástæða. sje til að rengja það, sem sagan segir um þetta.

XII. Hoftóft að Hofstöðum í Miklaholtshrepp.

Þó eigi fari sögur af því, að hof hafi verið á Hofstöðum í Miklaholtshrepp, þá sýnir bæjarnafnið, að svo hefir verið. Þar er líka sýnd »hoftóft« niðri í túninu. Það er ávalur hólbali, hæfilega stór til þess, að geta verið allur ein rúst af stóru hofi, og er ekkert á móti því, að þetta sje hin rjetta hofrúst í raun og veru. En eitt-

hvað annað hefir síðar verið byggt þar ofan á, eftir því sem tóftalögunin lítur út.

XIII. Straumfjarðar þingstaður.

Svo segir í Eyrb. k. 57.: »Þetta sumar tók Þorsteinn úr Hafjardarey Rauðmelingagodord ór Þórsnessþingi tóku þeir frændr þá upp þing í Straumfirði ok höfðu lengi síðan«. Þar sem Straumfjarðará fellur út í fjörðinn, eru klappir báðum megin við mynni hennar. Klöppin að vestanverðu er meiri, bæði að hæð og ummáli. Hún heitir *Búðahamar*. Er þar hamar, nokkuð hárr, austan megin og sunnan, eða við ána og sjóinn, en afhallandi er til vesturs, þar sem hamarinn er landfastur, og til nordurs, þar sem hann liggur að lóni, eða litlum vogi, er gengur vestur úr ánni. — Hamarinn er grasi vaxinn austan og vestan til; en all-breitt belti yfir um hann miðjan er blásinn melur. Á hamrinum eru 7 búðatóftir, flestar nokkurn veginn glöggar, og hefir S. V. lýst þeim í Árbók fornleifafjelagsins 1893 bls. 66—67, og hefi jeg ekkert við þá lýsingu að athuga, nema að jeg hygg að á bls. 66. línu 13. neðan frá, sje ritvília: »vestur« fyrir: norðvestr, sem lítið gjörir til. S. V. hefir merkt búdatóftirnar með svigatölum (1—7) og fylgi jeg sömu röð á uppdrætti þeim, er jeg læt fylgja. Auk búdatóftanna sjást leifar af mannvirki nokkru (8) nærri norðvesturhorni hamarsins. Lögun á því er ekki hægt að ákveða, því svo er að sjá, sem úr því hafi verið tekið grjót, liklega í vörðu (9), sem er skammt þaðan. Mannvirki þetta gæti verið leifar af dómhring. Nálægt miðju hins blásna beltis er litill hólmi óblásinn (10); myndar hann eins og upphækkan og kann að vera að það sjeu leifar af rúst. Þó er jeg í efa um það. Nordur við veginn eru 3 naustatóftir: eru tvær af þeim fyrir vestan hið blásna belti, og eru þær saman (11—12), en hin þriðja einstök fyrir austan það (13). Hún er stærst: um 7 faðma löng; hin vestasta um 6 faðmar; en sú, sem hjá henni er, er minnst og óglöggust og mældi jeg hana ekki. Eins og S. V. getur um er undan búðunum 6 og 7 *klettsnös* út úr hamrinum *með gati i gegnum* (14). Hún er út úr austur horni hamarsins við árósinn, þar sem hann er einna dýpstur. Ekki þori jeg að fullyrða, að gatið sje gjört af mönnum; en sje það ekki, þá er það sannarlega einkennilegt og sjaldgæft náttúrusmíði. Og hvernig sem það er til orðið, er varla vafamál, að það hefir verið notað til að festa skip við. Það er á hentugum stað til þess. Og sögur geta um kaupskipaferðir í Straumfjarðarós: Þannig segir Eyrb. kap. 39.:

»Porleifr kimbi tók sér fari um summarit með kaupmönnum þeim er bjuggust í Straumfirði. Eigi vil jeg fara út í það, að skifta búðunum í verzlunarþúðir og *pingbúðir*. Þykir mjer eigi óliklegt, að stundum að minnsta kosti hafi sama búðartóftin verið notuð til hvors tveggja sama sumarið, þar eð vorþing mun oftast hafa verið afstaðið áður enn kaupskip komu. Um þetta mun hafa farið eftir samkomulagi í hvert sinn.

XIV. Pórssness þingstaður.

Við rannsókn S. V. á Pórssness þingstað (Árb. fornl.fjel. 1882, bls. 102—105) hefi jeg sárlitlu að bæta. Jeg er honum samdóma um, að þingið muni hafa verið í *mídtanganum* (Þingvallatanga) og þar muni dómar hafa fram farið. Þykir mjer langlíklegast, að dómhringurinn hafi staðið á odda nessins (eða tangans): Þar er hærra og fegra en annarsstadar á nesinu og þar er *mjög afskekkt*, því á þrjá vegu liggur þar sjór að og bratt upp að ganga úr fjörunni, en á fjórða veginn til suðurs, er nesid mjórra en oddinn sjálf ur; svo það má næstum kalla *eid*, er samtengir hann við það. Hjer hefir því verið mjög auðvelt, bæði að varna því að dóminum yrði hleypt upp, og líka því, að mópartur gæti komið að dóminum til að hafa fram mál sitt. Til þess kom og þá er vandamenn Styrs vörnuðu Þorsteini úr Haffjardarey að hafa mál sín fram. (Eyrb. k. 56.): þeir »vápnadust ok gengu á milli dóms ok Rauðmelinga, er þeir vildu ganga at dóminum«. Það er eins og hjer megi lesa það milli linanna, að dómurinn hafi ekki staðið á viðum velli, heldur hafi á einn veg mátt að honum ganga. Nú er oddi nessins kalladur *Húsnes*; stendur á honum hústóft frá þessa i öld, hlaðin úr grjóti og svo fyrirferðar mikil, að eigi er rúm fyrir meira. Þó vottar fyrir bogamyndaðri, fornlegri rústarbrún útundan suðurhlíðveggnum. Þegar jeg sá þetta, spurði jeg sjálfan mig, hvort það mundi ekki vera brún dómhingsins, sem hjer sœist á? En hvort sem það er eða ekki, tel jeg víst að hann hafi verið á þessum stað, og þá líka *Pórsteinn* sá, er sögur nefna (Lndn. II. 11; Eyrb. k. 10.). »Blótsteinninn«, sem nú er sýndur suðaustur frá þingstaðnum, er naumast hinn upprunalegi *Pórsteinn*. Það er ísaldar hnöllungur, hálfflatur ofan og hefir ekkert merkilegt við sig. Kringum hann vottar ekki fyrir neinum hring; enda er alls ekki líklegt, að dómhringurinn hafi verið á þeim stað: þar er myrlendi og fremur ófagurt. Mjer þykir líklegast til getið, að þá er búið var að eydileggja dómhringinn og hinn rjetta *Pórsteinn*, hafi, er fráleid, nafnið verið fært yfir á þenna Stein, af því hann er sjerstakur, og ólíkur

öðrum steinum þar nærri. Uppi á *Pingvallaborg* imynda jeg mjer helzt að verið hafi *skemmtihús*. Þar er eigi hentugur staður fyrir fjárrjett eða neitt þess konar. En dómhring líkist tóftin alls ekki.

XV. Bólstaður við Vadilshöfða.

Þar sem Úlfarsfellsá rennur út í Álftafjörð, hefir hún fyllt af árburði allstóra vík, sem verið hefir milli *Úlfarsfells* og *Vadilshöfða*; hefir þar myndast landauki (aurland, »delta«), sem hefir gróið upp og verið orðið byggilegt þá er landið byggðist. Þar er flatlendi, dálitið bunguvaxið, eins og aurlönd oftast eru, og hallar því ofan að sjónum Uppgrónir farvegir eftir ána sjást þar hjer og hvar; en flestir munu þeir eldri en síðan landið byggðist. Síðan mun áin jafnaðarlega hafa runnið við annanhvoyn jáðar aurlandsins. Nú rennur hún með austurjaðri þess út hjá *Vadilshöfða*. Bærinn *Bólstaður*, þar sem Arnkell goði bjó, hefir staðið á þessu aurlandi. Rústirnar eru ofan til á miðri bungunni. Eru tvær þeirra auðsæastar, og þó eigi glöggar: önnur þeirra, sú er ofar er, lítur út fyrir að vera bæjarrústin, en hin nedri gæti verið fjóss og hlöðu rúst. Vottur sjest þar fleiri rústa. Eigi hreifði jeg við rúst um þessum. Var það hvorttveggj i að þá var óveðratið, enda verkamenn ofáaulegir um sláttinn, og á hinn bóginn áleit jeg eigi byrjandi á uppgrefti þar, nema bæði væri tími og ástæður til að gjöra það til hlitar og með nógri vandvirkni, þar eð hjer er um áreiðanlega *sögualdarrúst* að ræða. Haugur Arnkels er niður við sjó, undan rústunum. Sjór brýtur hann nú árlega, svo að hann er várla meir en hálfur eftir.

XVI. Höftóft í Stóra-Langadal.

Það má sjá af Lndn. II. 13 og 14 og Eyrb. k. 9 og 44, að Áslakur í Langadal hefir verið höftindi. Hann átti dóttur Pórðar Gellis, og þarf þá eigi fleira að telja. En svo kom hann oftar en einu sinni fram með liðsstyrk og hafði áhrif á málafærli manna. Hann hefir því átt mannaforráð; verið godorðsmaður, og því án efa haft hof á bæ sínum. Enda er höftóft sýnd í Langadal, þar fyrir ofan túnið. Þu því miður er hún nú mestöll hófin undir skriðu, sem árlega rennur þar á, meira og minna. Það, sem enn sjest, er hálfringmynduð gírding, nál. 6 fóm. í þvermál, og er það suður- endi byggingarinnar. Nordurendinn með godastúkunni, er undir skriðunni, og þetta, sem enn sjest, hvertur að likindum bráðum. Það er auðsjed á þessu broti, að hof þetta hefir éngin smábygging

verið. Viðar hafa skriður fallið kringum bæinn í Langadal; þær hafa minnkad túnið að miklum mun. A hinn forna túngard sjest hjer og hvar, og má af honum marka stærð túnsins, er verið hefir. Það hefir verið ákaflega stórt til forna. Suður í túninu er fornleg gírðing, allt að 200 □ fóm á stærð. Hún heitir *Hraungardur*. Hefir hvönn án efa verið ræktuð þar til manneldis. Þetta, o. fl., sýnir, að hjer var stunduð matjurtarækt til forna.

XVII. Smiðjusteinn að Dunki.

Munnmæli segja, að *Gauti* landnámsmaður á *Gautastöðum* (i Hördudalshreppi) hafi haft smiðju sína að Dunki, og hafi sá bær nafn af *dynkjum* þeim, er urðu er járnid var slegið. Liklegra þykir mjer þó, að bæjarnafnið sje leitt af keltnesku mannsnafni, t. a. m. *Duncan=Dungaðr*, og hafi upphaflega heitið Dungaðarstaðir. En hvað sem um það er þá er víst, að hjer hefir járnsmiður búið. Það sýnir »smiðjusteiun« svo nefndur, þar í túninu. Ofan í hann miðjan er ferhyrnd hola fyrir steðjaþóttin, og er hún $3\frac{1}{4}$ þuml. að dýpt og 3 þ. í þvermál. Útundir brún á steininum er önnur hola, litil og aflöng, 2 þ. á dýpt, $1\frac{1}{2}$ þ. á lengd og $\frac{3}{4}$ þ. á breidd; á hún að hafa verið fyrir saumhöggið, og er það liklegt. Steininn var að mestu sokkinn í jörd, en var nú grafinn upp og stærð hans mæld. Er hann 2 al. langur, $1\frac{1}{2}$ al. breiður og um $1\frac{1}{2}$ al. á hæð. Utan með honum var alstadar dálítíð af viðarkolaösku, en engin gjall-eða sindurstykki. Hjer hefir því ekki verið rauðablástur, heldur smiðad úr tilbúnu járni. Engin tóft var utan um steininn, eða neinstaðar þar nærrí, og lítur svo út, sem úti hafi verið smiðad. Virðist það tremur benda til fornalda en síðari alda.

Viðaukar.

I. Hoftóft o. fl. í Bersatungu.

Í Árb. fornljtj. 1882, bls. 67. getur S. V. um hoftóft i Bersatungu. Þá tóft skoðaði jeg í summar. Hún er á ávöllum, fallegum hól neðst í túninu austan til. Afhúsið er vestan við adalhúsið og engar dyr á milli; en dyrnar hvorar tveggja á norður hliðinni og að eins veggurinn milli þeirra. Mjer mældist hún, eins og S. V. 17—18 al. löng og um 12 al. breið. Gjörði jeg uppdrátt af henni, sem jeg læt hjer fylgja. Neðan undir hólnum stendur steinu upp

úr jörðu og er hann kallaður »Blótsteinn«, Á þá hlið hans, sem að hofinu veit, stendur hvöss hellubrún upp með honum, jafn há honum eða hærri. Þar er mýrlent fyrir neðan. Vestanvið hólinn er stór lag; en fyrir vestan hana gengur fram annar hóll, neðst í túninu vestan til. Framan í honum er brekka, og í henni girðing, sem frá ómunatið hefir verið bannað að slá; því þetta var akur, sem í heiðni var helgadur godunum og þar fyrir fylgdi honum sú forneskja, að eigi var óhætt að slá hann. Bóndinn sem nú býr í Bersatungu, Andrjes smiður Brynjúlfsson, sagðist vel þora að slá hann, en eigi vilja gjöra það, þar eð munnmælin um helgi akurs ins hjeldist fremur í minni ef hann væri láttinn ósleginn. Betur að så hugsunarháttur væri almennur!

II. Hoftóft(?) á Ásbjarnarstöðum.

Eins og S. V. getur um í Árb. fornl. fjal. 1884—ð5 bls. 133, er sýnd hoftóft á Ásbjarnarstöðum í Stafholtstungum. Sú tóft er norðaustur í túninu, rjett við heimreiðargötuna að bænum. Hún er nokkuð aflöng og liggur lengd hennar nærfelt frá norðvestri til suðausturs og er um 7 faðma, en breiddin er um 5 faðma; veggir eru mældir með. Dyr eru á suðaustur-hliðvegg nær norður-horninu; snúa þær að götunni. Engin afhústóft sjest þar. Við suðaustur-endann er stórpýfi, — eins og viðar þar, — og eins hafði verið við norðvestur-endann; en þar er nú búið að sljetta og varð ekki vart við neina hleðslu. Þegar á allt þetta er litid, bæði afstöðu tóftarinnar frá bænum og frá götunni, stefnu tóftarinnar, og einkum það að afhúsið vantar, þá sýnist mjer það efamál, að þetta sjé hoftóft í raun og veru. Aftur á móti er þar suður í túninu, andspænis bænum og langt frá götunni, önnur tóft, sem raunar er mjög óglögg, en stefnir þó norður og suður og virðist hafa afhús, er snýr dyrum að bænum. Hefði mjer verið sagt, að þetta væri hoftóft, þá hefði mjer þótt það trúlegra. Og sízt er fyrir að synja, að *hofs-nafnið* hafi einhverntíma á öldum færzt af hinni óglöggju rúst yfir á hína glöggju. En eins og nærrí má geta fullyrði jeg ekki neitt um þetta.

III. »Haugur(?)« í Hvammi.

Í Árb. fornl.fjal. 1895 bls. 21 er þess getið að byrjað hafi verið á grepti í upphækkuṇ þá í túninu í Hvammi sem ætlað hefur verið að væri haugur Þórdar Gellis. Nú er þessum uppgrefti

lokið, og **reyndist** þetta enginn haugur, heldur uppróin malarhrúga (frá *Ísaldartímanum?*).

Fyrirsát á Skógarströnd.

Fyrir innan *Leiti* á Skógarströnd liggur alfaravegurinn um skarð milli tveggja klapparásá. Veginum hallar norðurhalt austur úr skarðinu og mjókkar það niður eftir; neðst er það eigi viðara en hjer um bil fyrir two klyfjahesta. Hefir þar verið hentugur staður til fyrirsáturs í fyrra daga. Enda heitir þessi staður »*Fyrirsátíð*«: Ær sú saga til þess, að þá er synir Jóns biskups Arasonar ætluðu að handtaka Daða í Snóksdal (1549), frjettu þeir á Staðastad að hann væri vestur í Rifi. Þar ætluðu þeir að taka hann; en til vara, ef hann kynni að sleppa, settu þeir menn til að sitja fyrir honum á Skógarströnd og var þessi staður valinn til þess. Spennu fyrirsátsmenn þrjá strengi yfir þvert skarðið, er skyldu hindra för Daða, svo hann slyppi eigi úr höndum þeirra. Daða kom njósni af ferð biskupssonum og reið hann sem skjótast heimleidis. Hann reið Markúsar-Brún. Það var um nött er hann reið inn Skógarströnd. Hann reið við bjöllubeizli; en af því hann grunaði að fyrir sjer mundi setið, vildi hann eigi að beizlið hringdi, tróð hann því mosa í bjölluna (eða bjöllurnar). Hann hjelt á brugðnum hnifi. Það kom honum í góðar þarfir, er hann kom í skarðið, því hann skar sundur fyrsta og annan strenginn, án þess að hika, og Markúsar-Brúnn henti sig yfir hinn þriðja. Kemur það vel heim við landslagið, að austasti strengurinn hafi verið lægstur. Í þessu komu fyrirsátsmenn að, en urðu of seinir, því Daði var þegar sloppinn. Einn spurði í fáti: »Fór Daði þar?« Annar svar aði: »Ekki veit jeg hvort Daði fór þar; en þar fór Markúsar-Brúnn.« Fóru þeir svo búinir þaðan. Þetta er almenn sögn á Skógarströnd og viðar þar vestra. Er hún engan vegin ósenileg, og er vert að láta hana ekki týnast.

* * *

Fyrir fáum árum fannst í glufu einni í »*Fyrirsátinu*« stór *broklindahnappur* úr kopar, fallega skreyttur með rósaverki. Hann hefir án efa verið eign meiriháttar manns. Er ef til vill hugsanlegt að hann hafi hrokkid af broklinda Daða þá er Brúnn hljóp yfir strenginn, og þá lent í glufunni. Hnapp þenna gaf Daniel Jónasson í Fremri-Vífilsdal forngrípasafninu í fyrra (1895).

Br. J.

Fjall í Olfusi.

Sunnan undir suðausturhorni Íngólfstjalls hefir fyrrum staðið bær og heitið *Fjall*. Er þeirrar jardar getið í Biskupasögum, 2. bindi, á 3 stöðum: Á bls. 298 er þess getið, að *Erlingur Gislason* hafi átt *Fjall i Ölfusi*, og að *Þorsteinn* »yngri«, son hans, hafi búið þar og átt *Halldóru Pálsdóttur*, *Ejjólfssonar* frá *Hjalla* og *Ásdisar* *Pálsdóttur* systur *Ögmundar* biskups. Á bls. 661 segir, að *Eydis Helgadóttir*, móðursystir *Odds* biskups, hafi verið í *Fjalli* 1604 og átt *Jón Ásgrimsson* er þar bjó fyrst, en varð eftir það bryti í Skálholti; en á bls. 675 segir um þenna sama *Jón* mann *Eydisar*: »Hann átti Hóla í Öxnadal og bjó þar fyrst. Eftir það varð hann bryti í Skálholti og síðan í margt ár ráðsmaður fyrir *Fjalls* búi». Hefir *Fjall* þá verið orðið eign *Skálholtsstaðar*. Af jardabók *Árna Magnússonar* sjest, að jörðinni *Fjalli* hefir verið skift í 4 býli: *Helli*, *Laugarbakka*, *Fossnes* og *Fjall* sjálf. Af þessum býlum hefir *Fossnes* þó verið stærst, nfl. 10 hndr., en hvert hinna $6\frac{2}{3}$ hndr., því að öll jörðin til samans var 30 hndr. Af þessu sjest, að þá hefir heimajörðin *Fjall* verið komin í niðurlægingu, er jarðabókin var samin. Munu því mest hafa valdið skriðurennslí á túnið. Túnstæðið hefir upphaflega verið uppróin skriðubunga, mynduð af gili, sem þar er uppundan í fjallinu. Það heitir *Brænddalsgil*, og hefir nafn af lítilli dalkvos, er *Brænddalur* heitir, sem þar er uppi í gilinu, en sjest ekki fyr en að er komið. *Brænddalur* er enn grasi vaxinn; annars er gilið, og hlíðin öll, nú eintóm skriða. Er líklegast að nafnið sje dregið af kolabröndum og að þar hafi verið kolbrennd meðan fjallshlíðin var skógi vaxin. Og að svo hafi verið þarf ekki að efra, því skriðubungan hefði aldrei fengið frið til að gróa upp, ef hlíðin og gilið hefði ekki ádur verið orðið skógi vaxið og viðarrætur varnað skriðum. Hefir þá verið fagurt á þessum stað. Enda segja muunmæli að Ingólfur hafi dvalið hjer veturninn sem hann var undir Ingólfstjalli. (Þó nefnir önnur sögn til þess »*Hólstaði*«; það er grjótmelur vestan undir fjallinu, skammt frá *Hvammi*). Með byggingu landsins hófst eyðing skóganna, og með tímanum hefir mönnum tekizt að gjöreyða þeim viðast hvar, og einnig í hlíðinni fyrir ofan *Fjall*. En þá, þegar gilið var orðið skóglauð, hefir skriðurennslíð úr því magnast að nýju. Það hefir spilt túninu og eyðilagt bæinn. Og enn heldur það áfram að hækka bunguna smátt og smátt; enda er hún nú að miklu leyti grjóti þakin, nema austan til. Þar er grasflót, sem enn heitir *Fjallstún*. Á henni eru rústir bæjarins. Er of lítið gjört úr þeim í muunmælasögunni: »*Sængurkonusteinn*« í »*Huld*« (1. hefti bls. 52.),

því allvel sjer fyrir bæjarrústinni, og einnig fyrir fjóss- og heygarðsrúst, sem er á austurjaðri bungunnar, efst á grasflótinni nær upp við fjallid. Bæjarrústin er dálitið sunnar og neðar. Bærinn hefir snúið framhliðinni mótt suðaustri; en í fljótu álti virðist þó, þegar á rústina er litíð alla í einu, að hún snúi mótt suðri. En það kemur af því, að byggingar hafa verið fram á hlaðinu, sem austantil ganga lengst fram; myndast þar næstum eins og lítil hólbrekka af gamalli hleðslu. Sögn er, að bænahús hafi verið í *Fjalli*; svo sagði mjer Jón bóndi Árnason í *Alviðru*, fróður maður og vel að sjer. Hefir þá bænhúsið án efa verið fram á hlaðinu, en hafi það verið austast og fremst, — sem mjer þykir liggja næst að ætla, — þá hefir annað hús verið vestar á hlaðinu. Bæjartóftin snýr hliðinni fram, og er framhúsið nálægt 10 faðma langt frá norðaustri til suðvesturs. Dyr eru á framhliðinni vestan til miðri. Beint inn af þeim er inngangur í bakhús, er liggur samhlíða hinu, og eru dyrnar á miðri framhlið þess; það er rúml. 3 faðma langt. Er sennilegt að það hafi upp á síðkastið verið baðstofan, en hitt framhýsi. Við báða enda bakhússins virðast vera auð svæði, sein svara mundi rúmi fyrir dálítill hús; en þessi svæði eru þó innilokud af garði, sem staðið hefir fyrir allri bakhlið bæjarins, og myndað þannig »húsagard«, — sem nú er kallað og tilkast hefir á seinni öldum. Sín tóft er við hvorn enda frambæjartóstarinnar, og snúa þær dyrum fram á hlaðið; getur verið að það hafi verið skemma og smiðja. Vestan í húsagardinum sjör einnig fyrir lítilli tóft. Vegurinn hefir legið um hlaðið, milli bæjarins og bænhússins. Hefir það haldist eptir að bærinn lagðist í eyði, því þar eru uppgrónar götur; en nú liggur vegurinn á bak við rústina. Fjósið hefir snúið nokkuð meir til austurs en bærinn. Stærð þess er ekki hægt að ákveða, því svo er að sjá, sem það hafi verið hlaðið sundur að innanverðu, — eða það hefir verið stytt, er kýr hafa fækkað. Við vestri hlið þess er ein tóft, en við eystri hliðina tvær, líklega geldneyta- og reiðhestahús. Þar á bak við er heygarðurinn. Heystæðin eru þrjú: eru tvö þeirra næstum 10 faðm. läng en hið þriðja nær hálfu styrra, því þar gengur fjóstóftin inn í gardinn. Hefir hjer verið gott til heyafla og tún eigi allitið meðan bungan var í friði fyrir skriðum. Líklegra er, að þær hafi valdið eyðileggingunni smátt og smátt heldur en allt í einu; en auðvitað er, að loksns hefir eitt skriduhlaup riðið baggamuninn. Bærinn hefir staðið fram á átjándu öld. Eftir að hann lagðist í eyði, lagðist landið til *Hellis* og *Laugarbakka*, svo að nú eru landamerki þeirra jarða um *Fjallstún*. *Fossnes* er sagt að byggt hafi verið fram að, eða fram yfir, 1800, og að kerling ein hafi búið þar síðast. Rúst þess bæjar sjest

skammt frá Hvítá litlu ofar en á móts við bæinn á Selforsi. Það er nú í *Hellis* landi, því landið lagðist til þeirrar jardar; var þar stekkur frá *Helli* um hríð, en er nú aflagður fyrir löngu. Hefir það eigi verið sjaldgæft, að gjöra stekki úr rústum eyðibæja, til að halda við rækt í túninu.

Br. J.

Athugasemdir um Þjórsárdal.

Eins og ritgjörd míni »um Þjórsárdal« (Árb. fornlfjel. 1884—85) ber með sjer, er það að eins tilgáta míni að »Lóþrælar«, sem jeg hafði heyrt nefnda, hafi staðið suðvestanundir Stangarfjalli og verið hjáleigur frá Stöng. Þetta hefir ekki verið rjett til getið. Í ísl. fornbrjefasafni (II. 885) eru talðar nokkrar eyðijardir í Þjórsárdal, þar á meðal *Ljéþrælar tweir i Reykholti*. Jeg hefi nú ekki getað fundið vott til nema *eins bæjar* í Reykholti, svo jeg sje viss um; en þó hefi jeg, eftir að jeg las þetta, fundið á öðrum stað fáeina hraunsteina svo hátt frá láglendi, að þeir hafa án eta verið færðir þang- að af mönnum, og getur verið, að það sjeu leifarnar af hinum Ljéþrælnum. Þær geta líka verið sandorpnar. — Á sama stað nefnir fornbrjefasafnið *Lepparstaðaskógr*. En uppi í Stangarfjalli, uppundan rústum þeim, sem jeg gat til að hefði verið Lóþrælar, eru grasbrekkur sundurskornar af giljum, og heitir þar enn í dag: »í Leppum«. Áður en jeg sá fornbrjefasafnið, hjelt jeg að þetta örnefni væri myndað af landslagi. En nú er jeg í engum efa um að það er eftirleifar af bæjarnafninu *Lepparsstaðir*. Syðri bærinn, er jeg hugði Lóþræl, hefir því án efa heitið *Lepparsstaðir*. En hvort þeir hafa báðir heitið svo, eða hinn nyrðri (vestri) hefir heitið eitthvað annað, er ekki hægt að segja.

Nýlega hefir komið í ljós rúst suðaustan í Stangarfjalli, langt fyrir innan Stöng, upp frá Bolagróf innanverðri. Hún er vel 6 faðma löng og nál. 11 feta breið, og eru dyr á suðusturenda. Eftir útliti að dæma þætti mjer líklegast, að það væri fjóstóft og er þá bæjarrústin óupplásin þar nærri, sem vel getur verið, þó ekki sjáist þess merki. Rúst þessi er full af hvítum vikri, og er líklegt að neðsti hluti veggjanna standi, og væri ef til yill ómaksins vert að grafa hana út.

Nýlega er líka blásin upp *smiðjurúst* inn í Sandafelli. Það er engin eiginleg tóft, en sindurhrúga mikil og eldlitaðir steinar í

hrúgu, líklega úr *aflí*. Þar hafði og vérið *kolahola*; það eru 4 hellur reistar svo upp, að af því verður ferhyrnd hola. Standa 3 hellurnar, en hin 4. lá fallin; þar í var lítið eitt af kolum. — Samskonar ferhyrnda geymsluholu úr hellum fann Þorsteinn Erlingsson, er hann gróf út Lambhöfða-rústina sumarið 1895.

Það kom i ljós, er P. E. gróf út rústirnar á *Sámsstöðum* og *Ásldkstungu innri*, að þar sem jeg hafði ætlað vera *dyr* vestantil á suðurhliðveggjunum, voru að eins *skörð*, en *engar dyr*. En austantil á þeim sömu hliðveggjum virtust dyrnar hafa verið þar sem jeg hafði talið eystri dyrnar. Það sjest af þessu, að bæirnir hafa *ekki* ávallt verið *tridýraðir*, þó hvert húsið gengi af enda annars.

Þess skal getið, að í Lambhöfða rústinni fann P. E. grátt efni, er leit út fyrir að vera leifar af *skyri*. Nægir að drepa á það hjer; sjálfur mun hann á sínum tíma skýra frá rannsóknunum sínum bæði í Þjórsárdal og annarsstaðar.

Þar eð jeg hefi minnst á Þorsteini Erlingsson, og þar eð jeg var með honum við rannsóknirnar í Þjórsárdalnum, finn jeg mjer skylt að taka það fram, að hann var mjög vandvirkur í rannsóknunum sínum; mæling hans á rústunum var nákvæmari en jeg hafði getað mælt þær, en þó skakkaði þar mjög litlu. Er jeg honuni þakklátur fyrir not þau, er jeg hafði af rannsóknum hans, mínum rannsóknum til stuðnings.

Br. J.

Kjallaragröfin á Skriðu í Fljótsdal í Múlaþingi.

Eins og kunnugt er hefir Skriða verið höfuðból um margar aldir. Þar var ábotaklaustur frá 1493—1552 og seinna var þar sýslumannssetur. Bænahús og grafreitur hjelst þar lengi fram eftir; þar liggur sýslumaður Wium grafinn og Jón »flak« og sjást ennþá skýrt leiði þeirra beggja.

Halldór sýslunefndarmaður Benediktsson, er nú í 16 ár hefir búið á Skriðu, keypti jörðina fyrir skömmu af landssjóði, byggði þar rúmgóðan og reisulegan bæ og svo vel skipaðann, að hann er hafður til fyrirmynadar f Hjeraði.

Allviða í Upphjeraði hafa smámsaman myndast stórar rústir í kringum bæina, sem stafar af því að loftslag er þar svo þurt og jarðvegur svo hardur og þjettur, að hvorki síga þær i jörðu nje fúna. Fæstir hafa verið þeir framtaksmenn að aka rofinu burt, er byggt hefir verið upp að nýju, og hafa því myndast hólar, sem bæirnir eru meira og minna grafnir inn í. Þannig var ástatt á Skriðu, er Halldór kom þangað, ljet hann það vera eitt sitt fyrsta verk að ráðast á rústirnar og koma þeim frá augunum, einkanlega þeim, er skyggðu á hina yndislegu útsjón yfir Lagarfjót og hjerðið.

Til að vanda bæ sinn sem bezt og gjöra hann sem varanlegastan ljet Halldór sjer ekki nægja að hlaða veggina eins og áður var vani ofan á rústina, heldur ljet hann grafa niður á fastan grundvöll, sem þar er smágrýtt skriðumöl, og taka þar undirstöður að öllum veggjum. Í vor, er Guðmundur Þorfinnsson vinnumaður hans var að grafa niður fyrir vænta legum búrvegg, rekur hann sig rúmum 2 álnum fyrir neðan eldhúsgólfis, sem áður var, á rauða-

viðardrumba og borðstubba; undir þeim var gulhvitt, límkennt, rakt jarðlag; er var hjerumbil 3 stungur á þykkt áður kom á fasta möl. Neðsta lagið af rústinni, sem lá ofan að trjávið þessum var blandað smáum viðarkolamolum og ösku, án þess að þar væri reglulegt öskulag. — Jeg fjekk þá leyfi hjá Halldóri bónda, að láta Guðmund rannsaka þetta nákvæmar, og fann hjer stóra gryfju eða gröt fast niðri á malarlaginu. Vil jeg nú leyfa mjer að lýsa gröf þessari og því, er stóð í sambandi við hana, bæði því, sem við Guðmundur fundum og því, sem Halldór skýrði mjer frá að áður hefði fundist, án þess að jeg fari að rekja þau einstök atvik sem að því lágu.

Gröfin sjálf er c. 10 fet á annan veginn og 11 fet á binn; hún snýr þannig að hornin vita hjerumbil til höfuðáttanna. Dýptin var rúm 3 fet. 5 rauðavíðardrumbar voru í gröfinni og stóðu upp og ofan 3 sinn í hvoru horni (v. s. og a.) — nordurhornið gróf jeg ekki upp — og 2 með miðjum hliðum sv. og na., ofan á þessum tveimur lá þvertrje og út af því láu fjalir fúnar mjög, svo ekki varð ákveðin þykkt þeirra, en þær hafa varla verið undir 1 þml. — Trjen hjeldu sjer betur og voru þau yfir kvartil í þvermál, sívoli líkt og rekaviðardrumbar.

Gröfin er vandlega hlaðin úr óhöggnu grjóti, límd með mósteypu og sljettuð innan með henni; stendur hleðslan alveg óhöggud að því er sjeð varð. Botninn í gröfinni er hörd smáskriða og virt ist leirlag eða mólag ofan á því. Úr suður horni grafarinnar lá lokræsi mikid og hafði orðið vart við það undir bænum áður, en hversu langt það er veit jeg ekki því jeg gróf ekki fyrir enda þess, en yfir 20 álnir mun það vera. Lokræsið var upphlaðið og lagt með hellum bæði undir og yfir; það var frá 1—2 fet á dýpt og alveg tómt og þurrt. Hallinn var ekki meir en hæfilegur vatns-halli.

Allur suðaustur helmingur grafarinnar, sem jeg gróf upp, var fullur af gulhvítu efni; það var blautt, seigt og límkennt, en varð stökkt og gisið er það þornaði. Austanvert við stodina undir miðri suðvesturhlíðinni var beinarusl. Þar voru bæði kindabein og fiskbein og bein af stórgripum, en fremur mun það hata fallið ofan í en legið í gröfinni, því undir því og laust við það var gulhvítu efnið. — Austanvert við miðja gröfina fannst steinsleif undir fjölunum, en ofan á fjölunum fundust smátægjur af vaðmáli.

Það virðist liggja nærrí að lesa sjer í eyðurnar með gröt þessa. Bærinn hefir brunnið, búrið hrapað niður og kjallarinn hefir aldrei verið grafinn upp og verið því óhaggaður allt til þess að Guðmundur gróf hann upp. En hvaða matur hefir verið í kjallaranum? Það hefir verið skyr, sem gjört hefir verið upp í gröt þessari; hún tekur c. 70—80 lagar-

tunnur. Þó ekki væri annað, finnst mjer steinsleifin ein nægileg sönnun þess að svo hafi verið. Að skyrið hafi verið gjört upp í gröfinni finnst mjer mega ráða af því, að hvergi fannst neitt trjákyns í gröfinni annað en staurarnir og þorðin ofan yfir henni, og svo ekki hvað sízt þetta volduga lokræsi, sem haft hefir verið til þess að hleypa vatninu út, þegar gröfin hefir verið hreinsuð um fráfærurnar. Að endingu skal jeg geta þess, að i hitt eð fyrra fannst eldstó og eldhúss gafhlæð á likri dýpt og yfirbord grafarinnar, og voru þar eiunig viðarkol og aska, sem bar vott um bruna, en af því eldstó þessi liggur c. 20 áln. frá gröfinni, er óhugsandi að eldhús þetta hafi staðið í sambandi við búr þetta, svo annaðhvort er, að þau eru sitt frá hvorum tíma og bærinn brunnið tvisvar, eða það sem sennilegra er, að búrið hafi verið útibúr, sem matur var geymdur í, því það var algengt í fornöld.

p. t. Reykjavík, í ágúst 1896.

Jón Jónsson.

Hin síðasta ,útbrotá kirkja á Íslandi.

Framyfir aldamótin 1800 voru flestar kirkjur hjer á landi með torfveggjum og torfþaki, og grindin í þeim með því byggingarlagi, sem kallað var »útbrotabygging«. En aðaleinkenni þess byggingarlags var það, að *skot* voru með báðum veggjum utanmeð aðalgrindinni, og voru þau kölluð »útbrot«. Þykir eigi ólíklegt, að þau hafi verið nokkurskonar eftirleyfar af byggingarlagi *skálanna* hjá fornömönum. Á þessari öld var útbrotabyggingin lögð niður ásamt torfkirkjunum, eða jafnvel á undan þeim, því torfkirkjur, er síðast voru byggðar, höfðu ekki það byggingarlag. Hin síðasta útbrotakirkja hjer á landi mun hafa verið Stóra-Núpskirkja í Árnæssprófastsdæmi. Hún var rifin 1876 og byggð aftur timburkirkja. Mun því »útbrotabyggingin« eigi vera framar til hjer á landi. Álít jeg því vel við eiga, að fornripasafnið eigi eftirmund þess byggingarlaga, og að lýsing þess verði prentuð í Árbók fornleyfafjelagsins. Og þar eð jeg var vel kunnugur »útbrotakirkjunni« á Stóra-Núpi, veitti henni nákvæma eptirtekt og hygg að jeg muni nokkurnveginn rjett, hvernig hún var, þó liðin sjeu næstum 20 ár síðan hún var rifin, þá vil jeg nú rita lýsingu hennar.

Eins og á öðrum »útbrotakirkjum« var tóftin við í samanburði við lengd, en aðalgrindin mjó og fyllti hvergi nærrí út í tóftina. Aðalgrindin hafði sterkar stöðir, 7 hvorum megin að meðtoldum gaflastoðum, voru endar aðalbitanna greiptir ofaní efri enda stöðanna og sátu sperrutærnar þar ofan á; öll var aðalgrindin vel sterkt. Í skotunum milli aðalgrindar og veggja voru nokkurskonar viðaukar við grindina, sem voru miklu rýrarí og veikþerðari en aðalgrindin. Niður frá hverri sperrutá gekk »stuttsperra«, eða framlenging sperrukjálkans með sama halla og ris hennar var. Tá »stuttsperrunnar« hvíldi á »stuttstoð«, sem stóð út við vegginn, en ofan í efri

enda stuttstoðarinnar« var greiptur ytri endi á »stuttbita«, en innri endi hans gekk þeint inn í aðalstoðina. Slá eða »silla«, sem gekk langs með veggnum, tengdi allar stuttstoðirnar saman, en efri endi »stuttperrunnar« var greiptur í enda aðalbitans. Neðri endar bæði aðalstoða og »stuttstoða« höfðu staðið á »undirstokkum«; en þeir voru svo fúnir, þegar kirkjan var rífin, að ógjörla sást hvernig þar hafði verið frá gengið. Timburgólf var í kirkjunni allri. Utanmeð að neðan voru »plægð« bord negld innan á »stuttstoðirnar« en önnur tilsvarandi að ofan, og var neðri brún á þeim «strikuð». Í þessi borð var veggþilið fest. Milli aðalstoðanna að ofan voru og eins konar »sillur« langsetis voru þær bogamynndaðar að nedan þannig, að tveir hálfbogar eins og mættust mitt á milli stodanna. Stólar voru í framkirkjunni 2 á milli hvorra stoða, nema milli hinna yztu, þar var bil, sitt hvorum megin dyra, sem enginn stóll var í. Tveir yztu stólnir hvorum megin voru styttri en hinir, þeir náðu að eins út að aðalstoðunum; hinir innri náðu út að veggþili. Frá kirkjudyrum var setubekkur til beggja handa út með þilinu út í hornið, og svo inn með veggnum bak við hina stuttu stóla. Hann var kallaður »krókbekkur«. Framan við hvern stól var málud »stólbrík« og voru þær festar í stokka, sem lágu langs eptir gólfínu sinn hvorum megin. Auk þess var dyraumbúningur fyrir ganginum við yztu stólana. Þar uppi yfir voru »klukknarambhöldin«. Að sunnanverðu sátu ógiftir karlmenn í stuttstólunum, og á krókbekknum, en ógift kvennfólk að norðanverðu. Í aðalstólunum áttu giftar konur sæti. Fram í innsta stólinn að sunnanverðu gekk prjedikunarstóllinn fram- undan bitanum sem var yfir kórdyrunum. Var sá stóll því fremur þróngur, en þess gætti minna af því, að fóturinn undir prjedikunarstólnum var í hærra lagi. Innsti stólinn að norðanverðu var kallaður »stúka«; í honum sat prestskona og helztu konur. Milli hans og næsta stóls var nokkurskonar milligerð. Dyraumbúningur var fyrir honum og yfir dyrunum bogi með fallegum útskurði. Hurð hafði verið fyrir honum; en hún var brotin af hjörum er jeg man fyrst, og svo vissi jeg ekki meira um hana. Upp úr miðjum bitanum, sem næst var fyrir framan kórdyr, stóð sterkur uppstandari og gekk »útleggjari« úr efri enda hans innar eftir. Í honum hjekk ljósahjálmur úr kopar með 12 ljósapípum. Milligerð var milli kórs og framkirkju upp undir bita. Kórstafirnir gengu upp í bitann en undir honum, lítið neðar, var dyrabogi yfir kórdyrum. Milli bogans og bitans uppi yfir kórdyrunum var svonefnt »kontrafei«. Það var útskorin engilmýnd, gengu viðargreinar upp af vængjum og hjeldu uppi kórónu. Í miðjunni var gegnskorinn nafn-dráttur, sem þó var nokkuð brotinn. Í milligerðinni var þil að

neðan upp til miðs, en svo voru að norðanverðu rimagrindur upp undir bita, en að sunnarverðu tók prjedikunarstóllinn það rúm af, nema bil nokkurt var á milli hans og kórstaðsins; og í því gegn-skorin hríslumynd. Fyrir ofan bitann yfir kórdyrunum var þil-spjald, er náði upp í sperruna báðum megin. Það var málæð með myndum á hvora hlið. Á hliðinni sem fram vissi var Jósep og María, Simeon og Anna, og hafði Simeon barnið Jesú á örnum sjer. Á þeirri hlið sem inn í kórinn vissi var hinn upprisni Kristur að blessta postulana á fjallinu hjá Betania, en Jerúsalem sást á lengdar. Í kórnum voru fastir bekkir báðum megin í kring frá dyrunum til altaris, en lausabekkir innan stoða. Altarið var útskorið á hurð og göflum. Á því stóð ljósastjaki af kopar með 2 hliðargreinum, gerð-ur fyrir 3 ljós. Upp frá altarinu var fyrst »brík«, sem á voru skrif-uð innsetningarordin, en útskurður til beggja enda, og náði hann út fyrir altarið. Ofaná bríkinni var falleg altaristafla, gefin kirkj-unni af frú Sigríði ekkju Jóns biskups Vídalíns 1728, og er sú tafla enn í kirkjunni, ásamt útskornu stykki sem var, og er, ofaná henni. Ekkert loft var í kirkjunni og engin hvelfing; så allstaðar sperrurnar og súðina, sem var á öllu risi hennar frá mæni ofan á stutt-sperrutær. Birtu tjekk kirkjan frá 6 gluggum. Langstærstir voru 2 sexrúðna gluggar á kórgafla, sinn hvorum megin altaris fyrir neð-an þilbitann. Þá var 4 rúdnagluggi á þekjunni yfir prjedikunar-stólnum og voru þær rúður talsvert minni. Þá voru 3 einnar rúðu gluggar á frambili; sinn hvorum megin dyra, hærra en þær; og var stærð þeirra ekki fjærri rúðustærðinni í kórgluggunum; hinn þriðji var uppi yfir kirkjudyrunum, hátt fyrir ofan þilbita, og var sá minnstur. Var því birta heldur dauf í framkirkjunni þá er aftur voru dyrnar. Kirkjan var, eins og flestar kirkjur þá, með toif-veggjum og torfþaki, en þil voru á göflum; þó náði kórþilið ekki nema niður fyrir gluggana, þá tók við torfþrep. En framan á var þil niður úr gegn. Bilin voru þrefold. Kirkjudyrnar voru fremur við-ar, en ekki háar með »strikuðum« dyrastöfum og boga yfir. Var hurðin bogadregin ofan. Hún var tvöföld, því framan á hana var neglt »tíglaverk«, eða strikuð stykki, sem lágu í ferhyrningum, hver-jum utan yfir öðrum. Miðtiglar voru tveir, annar ofarlega, hinn neðantil á miðri hurð. Í hann var rekinn kengur sá, sem hurðar-bringurinn var festur í; hann var úr kopar, stór og digur, en þó járn þar er í kengnum ljek. Kengurinn var rekinn inn á milli tveggja upphleypta «snarhandar».stafa: B. S. Það var fangamark Brynjólfs Sigurðssonar sýslumanns í Hjálmsholti, er kirkjuna ljet byggja 1760—70; en smiðurinn var Ámundi »smíkkari« Jónsson, og er útskurðurinn og málverkið eptir hann. Í fyrstu mun kyrkjan

öll hafa verið málud innan og með myndum. En 1830 ljet sjera Stefán Þorsteinsson endurnýja súð hennar og þilverk, sem þá var mjög farið ad fúna. Var þilverkið, sem jeg man eftir, ad mestu frá þeirri viðgerð, og líka rimagrindurnar í milligerðinni milli kórs og kirkju. Framþil hafði þá verið sett nýtt, en þó sama hurð og dyraumbúningur, og stóð það fram á mína daga. En 1857 ljet sjera Skúli Gíslason smiða nýtt framþil á kirkjuna með nýrri hurð; en hin gamla var mjókkud og höfð fyrir þinghússkurð meðan hún entist. Hvað um hringinn varð, vissi jeg ekki.

Eftirmynnd eða sýnishorn af útbrotabyggingarlaginu hefi jeg nú látið smiða handa forngripasafninu, og er nú nr. 4101 meðal gripa safnsins. Það gjörði ad mestu Guðmundur bóndi á Baugsstöðum, bróðir minn, eftir minni fyrirsögn, er jeg lagði eftir Stóra-Náupskirkju, þeirri er nú var lýst. Sú var i fyrstu ætlan míni, ad sýna einungis *grindina sjálfa* og *krókbekkjaskotin*, sem einukum ein-kenna »útbrotabygginguna«. En við nánari umhugsun sa jeg, *ad þörf var á ad sýna sem flest af því, sem gjörði slíkar kirkjur frá-brugðnar kirkjum nú*, svo sem *kórdyraumbúning, klukknarambhöld og dyraumbúning þar undir kyrkjudyri með hurð, kórgluggarámma og pilglugga ad framan*. En til þess þurfti ad setja þilborða-sýnishorn eitt hvorum megin kirkjudyra, (og er millipil sýnt um leið). En þver-stykkin, sem eru innanundir framþilsgluggunum, eru ad eius til stvrktar, en ekki af því ad svo væri i kirkjunni sjálfri. Sama er ad segja um þverslána undir kórgluggarömmunum. Hún er sett til ad halda þeim föstum, en var ekki i kirkjunni sjálfri. Þess ber ad geta, ad kórgluggarammarnir urðu i stærra lagi. Litla gluggann sem var á framþilinu uppuðan kirkjudyrum, gat jeg ekki látið sjást, því þá hefði orðið ad byrgja ofmjög fyrir sýni gegnum framgaflinn. Þakglugganum hjá prjedikunarstólnum varð líka ad sleppa, því óhægt var ad koma honum fyrir. En þrátt fyrir þessa galla vona jeg ad *sýnishornið* gefi nokkurnvegginn rjetta hugmynd um það, sem það á ad sýna. Hvorki er sýnt altari, prjedikunarstóll nje stólar, ekki heldur þilverk eða súð, — nema eitt bord hvorum megin til styrktar, — því ekkert af þessu var ein-kennilegt fyrir það *byggingarlag*, sem verið er ad sýna.

Ekki hefir mjer heldur þótt þörf á, ad lýsa hjer itarlega útskurði eða málverkum i kirkjunni, þar eð allt slikt, sem nokkuð kvað ad, er vel geymt, sumt er i kirkjunni enn, en sumt, og raun-ar flest er komið á forngripasafnið.

Brynjólfur Jónsson.

Y f i r l i t

yfir þá muni, er Forngrípasafni Íslands hafa bæzt 1896.

(Tölurnar fremst sýna tölumerki hvers hlutar í safninu).

4223. Hverfisteinn frá Hvítanesi í Skilmannahreppi í Borgarfjarðarsýslu.
4224. Legsteinn úr gráum steini íslenzkum frá sama stað.
4225. Skutull úr járni. Vestan af Breiðafirði.
4226. Skutull úr járni, stærri, einnig frá Breiðafirði.
4227. Skutull úr járni frá Seltjarnarnesi við Faxaflóa.
4228. Heiðurspeningur veittur Vilbjálmi Hákonarsyni í Kirkjuvogi, úr silfri.
4229. Heiðurspeningur frakknescur úr bronsi veittur sama manni (V. H.).
4230. Kventreyja úr svörtu klæði.
4231. Beizlisstengur úr járni, mjög langar.
4232. Kápa utan af bók, frá 18. öld.
4233. Skráarlauf steypt úr kopar. Fundið í Reykjavík.
4234. Belti með láttínspörum og svörtum flauelslinda.
4235. Beltispör úr drifnu silfri, fóðruð með eir.
4236. Ermahnappur úr láttáni, lauflaus.
4237. Beltishringja, þornlaus, úr kopar, gagnskorin.
4238. Sex millur úr tini, hjartamyndaðar, með blöðum.
4239. Næla úr eiri, fundin í rúst á Þingskálum.
4240. Mannlíkan úr eiri, fundið á sama stað.
4241. Olíumynd af leyndarskjalaverði Grími Jónssyni Thorkelín.
4242. Konumynd saumuð með svörtum silkitvinna í hvítt ljerept.
4243. Koffur úr silfri, gylt (stjörnukofffur).
4244. Fimm peysuhnappar úr silfri; austan úr Múlasýslum.
4245. Skurðverk af prjedikunarstól, úr Klausturhólakirkju.
4246. Sex millur úr kopar.
4247. Reiðakúla úr láttáni með rósafljettingum og letri á.
4248. Skjöldur af söðulbrík, grafinn og gagnskorinn.
4249. Þrír ermahnappar úr glerkúlum láttánsbúnum.
4250. Samfelluhnappur úr eiri.
4251. Kotutrafla lítil, úr hvalbeini; fundin í Reykjavík.
4252. Mellulás úr járni. Úr Hálsasveit í Borgarfirði.
4253. Tóbaksdósir úr silfurblendingi, er átt hefur Ásgrímur Vigfússon Hellnapestur.

4254. Steinsnúður fundinn nærri Búlandi í Skaptártungu.
4255. Kápa utan af gamalli bók með látúnsspenslum.
4256. Kápa utan af bók með stimpluðum rósum.
4257. Kápa utan af bók (Harmonia evangelica).
4258. Blað af rytingi fundið nærri Kaupangi í Eyjafirði.
4259. Blað af hnifi (týgilknifi?). Fundið í Mosfellssveit.
4260. Tarína gömul úr leiri, hvít, sporöskjulögud.
4261. Ístað úr járni, fundið norðan til í Ódáðahraunni.
4262. Ístað úr járni, fundið við Geirbjarnarstaðaferju.
4263. Beizlisstöng með mjelum úr járni, fundin við Lundarbrekkn.
4264. Melluláslykill lítill. Norðan úr Þingeyjarsýslu.
4265. Skaflaskeifa fimmþorð, fundin í jörð.
4266. Altaristafla úr eik, máluð. Norðan úr Þingeyjarsýslu.
4267. Skápur útskorinn frá 17. öld. Norðan úr Þingeyjarsýslu.
4268. Lok af öskju, skorið. Norðan úr Skagafirði.
4269. Krossmark úr kopar. Norðan úr Eyjafirði.
4270. Snældusnúður úr trje. Af Austfjörðum.
4271. Innsigli úr rostungstönn. Af Austfjörðum.
4272. Fimtán taflmenn, 13 úr hvalbeini, 2 úr rostungstönn. Af Austfjörðum.
4273. Sextán taflmenn úr trje, sumir mjög gamlir.
4274. Brauðstill úr eiri, fundinn í Gerðakoti á Miðnesi.
4275. Hnifskapt úr kopar; austan úr Flóa.
4276. Spónskapt úr tönn; fundið í gömlum rústum nálægt Kaldárholti í Holtum.
4277. Altarisbrík lítil úr Klausturhólakirkju með mynd af kvöldmáltíðinni.
4278. Söngtafla hvít, með sværtri umgerð, úr sömu kirkju.
4279. Altarisklæði saumað með silki í hvítt hörljerept. Frá kapólskri tíð.
4280. Beltislindi úr silfri. Austan úr Flóa.
4281. Tvær reiðgjarðarhringjur frá 17. öld. Austan úr Flóa.
4282. Pallkistill með ártalinu 1747 á framhlíðinni og höfðaletri á lokinu.
4283. Styttuband, spjaldofíð, með bandaletri. Austan úr Flóa,
4284. Danskur gullpeningur frá árinu 1759.
4285. Silfurpeningur danskur frá árinu 1740.
4286. Skeið úr látuðum fundin í rústum á Víkingslæk í Rangárvallasýslu.
4287. Sessuver með augnasumi. Úr Þingeyjarsýslu.
4288. Flossessa frá Narfastöðum í Þingeyjarsýslu.
4289. Fjórir »pílarar« úr milligerð kórs og framkirkju. Frá Klausturhólum.
4290. Skyrtunál úr silfri.
4291. Kvenkragi (skrautkragi) úr svörtu flaneli, »baldíraður«.
4292. Ábreiða gömul, útsaumuð, úr aett Boga Benediktssonar á Staðarfelli.
4293. Hálfestí með kingju, úr silfri, gylt. Úr sömu aett.
4294. Kross af hálfestí úr silfri, gyltur. Úr sömu aett.
4295. Dúkur úr hvítu silki, gamall.
4296. Höftungujárn með skapti úr trje.
4297. Karlmannsskotthúfa úr klæði með uppslögum og silkiskúf.
4298. Steinssnúður forn, fundinn í rústum í Skriðu.
4299. Snældusnúður úr beini, fundinn á sama stað.

4300. Svipt úr látúni, fundin á sama stað.
 4301. Vírvirkishnappur lítill, úr látúni. Frá sama stað.
 4302. Vestishnappur úr látúni. Frá sama stað.
 4303. Beizlisstöng úr kopar. Frá sama stað.
 4304. Skeið úr látúni. Frá sama stað.
 4305. Beltisstokkur úr látúni með eirþynnu undir. Frá sama stað.
 4306. Hvítleitt efni í kökkum (leifar af einhverjum mjólkurmat?) Frá sama stað.
 4307. Stór kökkur úr svörtu efni með dúk utan um. Frá sama stað.
 4308. Beinarusl af sauðfje og stórgripum. Frá sama stað.
 4309. Tætlur af dúk með sömu vend og Garðahanzkinn. Frá sama stað.
 4310. Lítill ausa úr móleitum steini. Frá sama stað.
 4311. Hesputrje í glasi; úr eigu Pjeturs biskups.
 4312. Fingurgull, steinhringur, með hólfí að innanverðu. Úr Þingeyjarsýsiu.
 4313. Hálfur steinsnúður, mjög lítill. Fundinn í Þórsmörk.
 4314. Lítið brýni. Fundið sama staðar.
 4315. Lítill broddur úr eiri. Fundinu sama staðar.
 4316. Enskur silfurpeningur, 4 pens.
 4317. Enskur silfurpeningur, 3 pens.
 4318. Enskur silfurpeningur, 2 pens.
 4319. Enskur silfurpeningur, 1 penny.
 4320. Reiðbjalla úr bronsi, fundin nálægt Bíldhól á Skógarströnd.
 4321. Hnífskapt gamalt, fundið í nánd við sama bæ.
 4322. Skráarfluga úr kopar, með kórónumynd.
 4323. Skírnarhúfa úr grænu silki með »baldíraða« burst úr flaueli.
 4324. Hornbönd, miðdoppa og spensl af gamalli bók, úr látúni.
 4325. Hnappur úr kopar, fundinn í jörðu.
 4326. Hnappur úr »prínsmetal«, fundinn í jörðu.
 4327. Eldstál með tinnu (stálið smíðað eptir fyrirsögn gefanda).
 4328. Milla úr kopar.
 4329. Milla úr kopar.
 4330. Milla úr kopar.
 4331. Járnhringja með járnsvipt, fundin í jörðu.
 4332. Reiðbjalla úr bronsi með kúlu innan í.
 4333. Altarisbrík frá Reýkholtskirkju í Borgarfirði.
 4334. Skírnarfat úr látúni frá sömu kirkju.
 4335. Skápur útskorinn, frá 17. öld. Af Vatnsnesi.
 4336. Tala úr steinasörvi, fundin nálægt Eskiholti í Landmannahreppi.
 4337. Hnappur úr látúni, fundinn í Suðurárhrauni.
 4338. Fleinn eða oddur úr járni (ör?), fundinn hjá Svartárkoti.
 4339. Bjúghnífur, fundinn á sama stað.
 4340. Nisti úr bronsi, kringlótt. Fundið í dysi hjá Vaði í Skriðdal.
 4341. Þynna úr bronsi og lítill trjekubbur. Fundið á sama stað.
 4342. Mynd úr trje af Jóni varalögmanni Ólafssyni.
 4343. Olíumynd af Gunnlaugi dómkirkjupresti Oddsen.
 4344. Rauðkrítarmynd af Guðmundi sýslumanni Pjeturssyni. Eptir Sæm. Holm.
 4345. Rauðkrítarmynd af Guðmundi Ketilssyni. Eptir sama.

4346. Rauðkrítarmynd af Magnúsi Ketíssyni. Eptir sama.
4347. Rauðkrítarmynd af Sæmundi Holmi. Eptir sama.
4348. Minnispeningur úr bronsi, norskur.
4349. Minnispeningur úr nýsilfri, norskur.
4350. Minnispeningur úr bronsi, norskur.
4351. Minnispeningur úr bronsi, norskur (872—1872).
4352. Minnispeningur úr bronsi, norskur.
4353. Tveir minnispeningar frakkneskir, annar úr bronsi, hinu úr nýsilfri.
4354. Minnispeningur úr bronsi norskur (Chr. Hansteen).
4355. Minnispeningur úr bronsi, norskur.
4356. Lokkur af hári Alberts Thorvaldsens.
4357. Kveðja til Íslendinga 1874, skrautskrifuð, frá h. konungl. danske lista-skóla.
4358. Kveðja til Íslendinga 1874 frá Þrándheimi.
4359. Kveðja til Íslendinga 1874 frá bæjarráði Kaupmannahafnar.
4360. Kveðja til Íslendinga 1874, skrautrituð, frá Kaupm.hafnar háskóla.
4361. Kveðja til Íslendinga 1874, skrautrituð, frá stúdentum í Kmhoffn.
-
-

Smávegis.

Eftir

Björn Magnússon Olsen.

I.

Legsteinar og grafskriftir með latínuletri.

Rúnasteinar eru því miður fremur fásjeðir hjer á landi. Aftur á móti er landið mjög auðugt að legsteinum með latínuletri. Þeir finnast svo að segja í hverjum kirkjugarði og tala til vor um horfna ar aldir, um forfeður vora, líf þeirra, trú og síðu.

Því miður virðist það ekki enn vera komið inn í meðvitund þjóðarinnar, hversu mikill fjársjóður firir persónusögu landsins er fólginn í þessum þögulu, enn þó talandi vottum horfinna alda. — Legsteinum þessum er litill gaumur gefinn og víða eru menn svo ræktarlausir — að jeg ekki segi annað verra — að þeir leifa sjer að hagnít sjer legsteina þessa, flitja þá af leiðinu, þar sem ástrikir ættingjar hafa sett þá, hafa þá annaðhvort í grundvöltinn undir kirkjuna eða í stjett firir kirkjudirum eða til annars verra, ganga á þeim og brjóta þá í sundur. Ef þetta er ekki það, sem rómverska skáldið kallað »mingere in patrios cineres« (saurga ösku feðra sinna), þá veit jeg ekki hvað er. Fornleifafjelagið og forngripasafnið hafa hjer vitt verksvið firir höndum, að vernda þessar fornleifar frá glötun, safna þeim og gera þann fróðleik, sem í þeim er fólginn, heirum kunnan og arðberandi fyrir sögu landsins. Ættu þau til þess að eiga vísa aðstoð prestanna og kirkjustjórnarinnar, því að þeim stendur það næst að vernda *njett* látinna manna og sjá um að trú og góðum síðum sje ekki misboðið með svo bligðunarlausri röskun á friði og helgi grafarinnar.

Fornleifafjelagið hefur þegar gefið út nokkrar af þessum áletrum í árbók sinni. Jeg leifi mjer nú að bæta við fáeinum.

1.

Um 1640 var *Vigfús sislumáður Gislason* einn af helstu höfðingjum sunnanlands. Hann var sonur Gísla lögmanns Hákonarsonar og var first skólameistari á Hólum og síðan (1630) í Skálholti (Árbækur Espólins VI 46). Árið 1632 fjekk hann Árnessíslu og mun þá um hríð hafa búið í Bræðratungu. Þenn síðan gekk hann að eiga Katrínú Erlendsdóttur, sislumanns á Hvöli, Ásmundarsonar Þorleifssonar lögmanns, og mun Vigfús þá hafa flutt búferlum að Hvöli til tengdaföður síns, og þar var hann, þegar Erlendur dó árið 1640, og bjó síðan á Hvöli til dauðadags.

Nordur frá kirkjudirum að *Stórólfshvoli* er legsteinn Vigfúsar sislumanns. Hefur hann lengi verið hafður firir stjettarstein og er mjög máður og lítt læsilegur sumstaðar. Á honum er þetta letur¹:

*Hoc (vi)de (?) s(epulcro) (?) qviescit cor
 pvs viri [claris]si(mi) e(t) (pii)ssimi et optimi
 [vi]gfus(er) g(i)sl . . . [n]obili quidem
 (nec) minus splen
 didvm et . . . s (a)ccepit re
 lingventis. vi . . . munere publico
 alio . . . ordinarius a regiis
 constitutus territoriorum arnes sy
 slu rangarvallasyslu et insulæ vest
 mannaever¹ m[anet] rest[itutionem] vniverse car
 nis decessit anno ætatis 39 qui incidit in
 annum christi nati 1647 14 aprilis relicta
 coniuge dilecta catarina erlendi filia
 eademque iam mestissima cum quinque
 liberis orphanis cum quinque alii fata
 parentis moriendo prævertissent ma
 gno cum patriæ et amicorum detimento
 veniet dies restitutionis omnium
 act. 3. et credo remissionem
 peccatorum et vitam æternam. amen.*

Á þessu sjest, að Vigfús hefur verið sislumaður í þrem sislum, Árness-, Rangárvalla- og Vestmannaeijasíslu, að hann var á 39. ári, þegar hann dó árið 1647, og er því fæddur 1609 (eða 1608?), að

1) Peir stafir, sem óglöggir eru, standa í svigum (. . .), enn peir í hornklofum [. . .], sem jeg hef boett í eiðurnar, þar sem jeg gat ekki lesið með neinni vissu. Hver lína er hjér prentuð í línu firir sig.

2) Pannig!

hann dó 14. apríl, og kemur það heim við það, sem Espólín segir (Árb. VI. 119), að hann hafi dáið miðvikudaginn síðastan í vetri, sem ber upp á 14. apríl árið 1647, og lokt að þau Katrín hafa alls átt saman 10 börn; þar af lifðu 5 föður sinn, enn önnur fimm voru óávinnanum undan honum. Espólín telur og fimm börn þeirra Vigfúsar: Gísla, Jóna tvo, Salvöru og Þorbjörgu. Af þeim varð nafnkendastur Jón ingri, er kallaður var Bauka-Jón og first var síslumaður í Borgarfirði, enn síðan biskup á Hólum. Þorbjargar verður síðar getið.

2.

Katrín húsfreija *Erlendsdóttir* bjó að Stórólfshvoli langa hríð eftir lát manns sins, Vigfúsar síslumanns. Hún var kölluð nokkuð fjeglögg. Árið eftir andlát manns sins, 30. október um haustið, varð hún firir því óhappi, að bærinн á Stórólfshvoli brann, öll hús nema kirkjan, og hinir mestu fjármunir. »Er sagt, að Katrínu hafi dreimt ádur, að kirkjan brinni, enn hún hafi haft þar inni kistur sínar með mörgu fjemætu, og hafi látið bera þær í bæinn, enn kistur hjúa sinna í kirkju aftur, enn öfugur hafi orðið draumurinn«. Frá þessu segir Espólín (Árb. VI. 128). Katrín hlítur að hafa verið mikilhæf kona, því að enn eru til munnmælasögur um »Katrínu ríku« á Stórólfshvoli og þar í grend, bæði saga sú um drauminn, er Espólín segir frá, og aðrar fleiri. Rjett við bæinn á Stórólfshvoli er allstór klettur, sem kallaður er Bjalli, allbrattur, enn þó ei þverhníptur. Segja menn, að Katrín hafi hlaupið undan eldinum upp þennan klett, þegar bærinn brann, og eru enn sínd spor hennar í klettinum, litlar dældir í klettinn, sem líkjast sporum. Uppi á Bjallanum er dá-litil dæld kringlótt, er menn segja, að Katrín hafi haft firir skirkerald. Hefur þar verið grafid í firir skömmu, enn ekkert fundist. Til dæmis um fjegirni Katrínar er það sagt, að hún hafi verið vön að kveðja mann sinn, er hann fór í þingaferðir með þessum orðum: »Mundu eftir mjer og mínum fátaeku börnum«.

Ifir altari í *Stórólfshvolskirkju* er ólumind. Sjest þar efst Kristur á krossinum. Firir neðan krossinn til vinstri handar krípur kvennmaður með hvíta skuplu á höfði í bláu pilsí. Að ofan er hún í dökkleitum móttli með stórum kraga, er líkist prestakraga. Til hægri frá krossinum breiðir trje út limar sínar. Undir krossinum liggar hauskúpa ofan á krosslögdum beinum og tímaglas, er hvílir á kerúbavængjum. Á bak við sjest borg, sem líklega á að tákna hina himnesku Jerúsalem, og fjöll í fjarska. Umgjörð skraut leg er um mindina í »barok«-stíl með korintskum súlum. Ifir mindinni er bifluestaður, letraður með giltu letri: »Mínum sorgargrát

hefur þú snúið í dans . . . Drottinn, guð minn, að eilífu vil jeg þjer þakkar gjöra. Psalm. xxx. v. 12.«.

Undir mindinni er þetta með giltu letri:

Her. hvílir. likame.

g(öfgrar). og. digdvm. pryddrar. hofdingskvinnu.

Katrínar. Erlendz. dotter.

hver. eptir. XII. ara. christilegt. hionaband.

med. sinvm. hiartkiæra. ektamanni.

wigfusa¹. gislasyni.

i gudrækilegv. eckiustandi. lifdi. i. L. ar.

og. sidan. i. drottni. sætlega. burtsofnadi.

a. LXX .² ari. sins. aldurs.

*anno. christi. mdcxc(v)/ii/*³

at. eptirlatnri. odavdlegri. minningo.

sinnar. gvdhrædzlo. oc. aulmoso.

*giør/[da.]*⁴



Eptir. sina. elskuliga. föður. oc.

fostrmodvr. let. þetta.

epitaphium. reisa.

16(98.)

Pordr. Jonsson.

Hjer segir, að Katrín hafi lífað 50 ár eftir mann sinn, er dó 1647. Hefur hún því dáið 1697, og eftir því hef jeg filt út eiðuna í dánarártali hennar. Það er því ekki rjett, sem Espólín segir, að Katrín hafi andast 1693. Því miður verður ekki sagt, hve gömul hún var, þegar hún dó, svo að eiðan, sem er í aldursár hennar í grafletrinu verður ekki filt, enn eflaust hefur hún verið komin ifir átrætt. Í grafletrinu segir, að hún hafi lífað í hjónabandi með manni sínum í 12 ár. Hafa þau þá gifst 1635 eða 1634, því að Vigfús dó snemma á árinu 1647. Lætur þá nærrí, að Katrín sje fædd 1616, og hafi gifst 18 eða 19 ára gömul. Hefur hún þá haft einn um átrætt, er hún dó. Eins og margir gamlir menn hafði hún

1) Pannig!

2) Ólæsilegir c. 2 stafir.

3) v sjest ógreinilega; þar á eftir eiða, er í hafa staðið 2 stafir, nú ólæsilegir.

4) 2 síðustu stafirnir ólæsilegir.

5) Hjer er rósaverk á spjaldinu, sem auðvitað er ekki líkt þeirri rós, sem hjer er prentuð.

pá sorg að sjá börn sín deija á undan sjer. Að minsta kosti voru allir sinir hennar dánir á undan henni (Gísli meistari dó 1673, Jón eldri, síslumadur í Árnessíslu, 1682, og Bauka Jón 1690).

Pórður Jónsson sá, sem hefur látið gera þetta minnisspjald eftir ömmu sína og föstru, er vafalaust Pórður sonur Jóns biskups Vigfussonar. Hann kom heim til Íslands frá Kaupmannahöfn einmitt árið 1698, sama árið sem mindaspjaldið er gert, og varð þá skólameistari í Skálholti¹. Mun hann hafa haft spjaldið út með sjer. Það var honum líkast að sæma ömmu sína með þessu; því að hann var maður hinn ættræknasti. Síndi hann það, er hann rjetti mál föður síns í hæstarjetti, er hafði verið daemdur í stórasektir á alþingi dauður, firir prang og önnur afbrot. Pórður varð síðar (1702) prestur á Stað á Snæfellsnesi og prófastur († 1720).

3.

Þorbjörg, dóttir þeirra Vigfúsar síslumanns* og Katrínar giftist 1664 *Gísla Sigurðarsini*, prófasts í Stafholti, Oddssonar biskups Einarssonar². Enn eigi naut hún hans lengi, því að Gísli dó 2. árum síðar. Þau bjuggu að Oddgeirshólum³.

Firir sunnan kirkjudir að *Stórlófshvoli* er legsteinn *Gísla Sigurðarsonar*. Er þar á þessi grafskrift með settletri:

*Vnder þessum legstein
 liggur grafin lijkamj.
 Digdum giædda Haufdingz.
 Mans Gijsla Sigurdsonar
 Hver lijka sem Hañ komin
 og borin var af virduglegu
 Folke sijns Faudurlandz so burt
 sofnadj Hañ og ejrniñ loflegu
 lofstiyr efter sig látnum a
 XXVII ári sijns alldurs þañ
 14 dag JANVARII ANNO MDCLXVI
 Efterlifñdj Hans Allrakiaerstu E
 ckta Kujñu Þorbiorgu Wijgfus
 dottur Hver ed sijnum S. Ecktamij¹
 og Hans legsrad² til æru og miñ
 ingar Hefur uppa siñ eigin*

1) Espólins Árb. VIII. 62.

2) Espólins Arb. VII. 39.

3) S. st. 44. bls.

4) Pannig (= ektamanni).

5) Pannig!

*Kostnad þeðan Legstein etflytia
og Hier leggia latid*

Coelo dignus eras, coelum tibi debita quies est.

Gislaue in coelo præmia justa capis.

Espólin segir, að Gísli hafi dáið 7. febrúar 1666, enn grafletrið sínir, að mánaðardagurinn er rangur.

Legsteinar þeirra Vigfúsar síslumanns og Gísla Sigurðarsonar eru ekki úr íslensku grjóti. Þriðji legsteinninn, líka úr útlendu grjóti, sem hefur verið mjög fagur, liggur firir kirkjudirum, enn af honum er allt letrið svo máð, að ekkert verður lesið, því að mest hefur verið gengið á honum. Mætti til geta, að sá steinn hefði verið ifir Erlendi síslumanni, föður Katrínar ríku, eða Jóni eldra síslumannni, sini hennar. Þeir dóu báðir að Stórólfshvoli, Erlendur 1640, enn Jón 1682.

Vestur frá kirkjudyrum að Stórólfshvoli er legsteinn úr íslensku grjóti, flatur. Hann er nú alveg ólæsilegur, enn sjest þó móta firir, að letur hefur á verið. Var mjer sagt það firir víst, að þar lægi undir Þórarinn Öfjörd síslumaður, er dó 1823.

Í útsuður frá kirkjuhorninu er annar legsteinn flatur úr íslensku grjóti, og sjest, að letur hefur verið á fletinum, sem upp snír, enn það er nú alveg ólæsilegt. Jón hreppstjóri í Garðsauka sagði mjer, að það væri víst, að þessi steinn væri ifir firri konu föður síns, Helgu Ísleifsdóttur, sistur Sigurðar á Barkastöðum, og hefði hún dáð um 1838.

Þessi tvö dæmi sina, hvað íslenska grjótið eiðist fljótt firir veðri og vind, og er það því mjög óhentugt í legsteina.

4.

Í kirkjugardinum á Stað á Reikjanesi er legsteinn með þessu letri:

*Sub hoc lapide jacent
ossa viri piissimi præstan
tissimi ac eruditissimi
Dñi Enari Threbonii
filii pastoris olim Stein
grimsfiordensium et Reikn's
ensium per annos xxviii
dignissimi qui in sacro conjugio*

*cum uxore dilectissima
 matrona omni laude
 (ac) titulis digna
 Ragneida Jani
 filia vixit annos xxv
 obiit anno christi mdcccviii
 d. 4. sept. aetatis
 lxvi.*

*Sap. III. v. 1.
 Justorum animæ sunt in manu Dei.*

Sá *Enarus Threbonii filius*, sem legsteinn þessi er ifir, er Einar Torfason, prests að Kirkjubóli, Snæbjarnarsonar, prófasts sama staðar. Einar varð first prestur að Stað í Steingrímsfirði (1670). Þar varð hann hórsekur og varð að sleppa því kalli (um 1680), enn fjekk firir konungs náð að halda embætti. Fjekk hann síðan Stað á Reikjanesi (1682) og var þar prestur til dauðadags (4. sept. 1698 eftir grafletrinu). Var hann þá á 66. ári, segir letrið, og er því fæddur 1632 eða 1633. Einar prestur var illa þokkaður firir málafækjur, eftir því sem Espólín segir, og virðist því legsteininn bera honum heldur vel söguna. Hann átti Ragnheiði Jónsdóttur, frá Miðhúsum, Magnússonar Arasonar. Segir letrið, að þau hafi lífað saman í hjónabandi í 25 ár.

Legsteinn á Gufunesi.

Frá lektor Þórh. Bjarnarsyni.

Fyrir dyrum hinnar niðurlögðu kirkju á Gufunesi var legsteinn, sem mælt er að komið hafi upp úr moldu, er kirkja þar var stækkuð eða færð fram. Steinninn er 2 álnir 11 þuml. á lengd og 1 al. og 5 þuml á breidd, að öllu óskemmdur, letrið mjög skýrt, 2 stryk dregin allt í kring eptir röndunum, englamyndir í hornum og rósaflúr í milli að ofan og neðan. Á einum stað í Árbókum Espólíns (VI, 30) er þessa Högna getið, sem mun hafa verið bóndi á Gufunesi.

Á steininn er letráð:

HIER *	VNDER *	HV	
ILER *	GREPTRAD		
VR *	ERLEGVR *	TR	
IGGVR *	NAFN *	F	
RÆGVR *	OG *	FRID	
SAMVR *	MADVR		
HAVGNE *	SVGVRD		
SSON *	ENDADE *	E	
LLE *	MÆDDVR *	EPT	
ER *	GIRND *	SINNE	
ALLA *	ANGIST *	AND	
AR *	OG *	LIKAMA *	Á
87 *	ARE *	S *	A * 18 * OCT A þessum eina urnar í milli. stað kommað yfir.
ANNO(*)	1671 *	OG *	HE
FVR *	IFER *	VNNED	
FIRER *	LAMBSINS *	BL	

(*) Hjer ekki stjörnurnar í milli.

Um

myndir af gripum í forngripasafninu.

Eptir **Pálma Pálsson.**

Belti með sprota.

(Nr. 3729).

Það er úr silfri og alt gert af hinu forna gotneska loptverki og gylt; pörin eru eiginlega engin á belti þessu og er öðru megin hringja, sem krækt er í sjálfan lindann; hringjan breikkar og víkkar fram og er $4\frac{1}{2}$ sm. á breidd, þar sem hún er breiðust, og er sem sjái skáhalt á hlið hennar, því að hún er viðari að innanverðu; í jödrum hringjunnar er digur vir og þar í milli er smágert og margbreytt loptverk, gert í líking við blöð og blómstur, en þar í milli eru korn og lykkjur eða hringar; þornið er gert úr þrefoldum vir samankveiktum og efst á því er stórt korn, sem stendur í skál milli 4 uggaðra blaða, en endarnir á 2 neðri várteinunum eru beygðir út á við í hring; hringjan og þornið leikur á polinmóði í stokknum, sem er að eins $2\frac{1}{2}$ sm. á breidd, en $5\frac{1}{2}$ sm. á lengd, þá er með er talinn dálítill kafli áfastur honum, sem hringjan er við fest, og er sá kafli með 2 djúpum dældum að ofan og eru 3 göt í gegnum hvora þeirra og vik inn frá jödrunum; á sjálfum stokknum er hátt loptverk, fast á plötu, er má draga út úr umgerðinni, ef vill; verkið á honum er í 2 hringum samföstum og líkist mest samanlöögðum blöðum, svo sem í blómsveigum, en í milli þeirra og þeim megin, sem að hringjunni veit, eru sem hálfúsprungin blómstur, sem gerð eru úr snúnum vir; á jaðrá stokksins er kveiktur margþættur vir og digur, en neðan á stokknum er eitthvert krot, er sýnist eiga að vera stimplar, og tölustafirnir IXX eða XXI. Á lindaðum sjálfum eru 17 stokkar með líkri gerð, en allir minni og eigi alveg eins fjölskrúðugir að verki, því að þar vantar t. d.

blómstrin. Á sprotanum eru og 7 slíkir stokkar sem á lindanum og 7 doppur að auki kringlóttar með stóru korni í miðju og lykkjum eða hringum umhverfis, sem blaðasveigur væri, og sams konar sem framan á hringjunni miðri, en þó heldur stærri. Aptur er sjálfur sprotiun (sprotastokkurinn) með sams konar gerð sem stokkurinn við hringjuna og þó helmingi lengri; niður úr honum gengur lístíll kengur og mun í hans stað upphaflega hafa verið broddur eða typpi með skrifugangi (eins og á nr. 3797, því að það er mjög fornt lag, eða þá í líking við typpin á nr. 928, 1140, 1582 eða 1625, því að á þeim er og fornt lag, en þó nokkuru yngra en ætla má að verið hafi á þessu belti); á síðari tímum, er typpið var glatað, hefur svo kengurinn verið settur á sprotann og lauf hengt neðan í hann; neðan (eða innan) á sprotann er grafin mynd af kvenmanni með bardastóran, koll-lágan hatt á höfði og 2 fjaðrir upp af; hún er í mjög flegnum kyrtili, ermastuttum og dragsíðum og eru stór uppslög á ermunum; í hægri hendi heldur hún á skapti, sem að ofan greinist í blaðasveig, er fyllir alt bilið fyrir ofan og til hliðar við höfuð hennar. Hnappurinn er eigi mjög stór, $4\frac{1}{2}$ sm. í þvermál; umgerðin er þykk og stömpuð utan og sömuleiðis efri brúnin, en innan í umgerðinni er slétt plata nokkuð kúpt og þar ofan á er mjög margbrotið verk úr snúnum vír, er myndar eins konar hæðir, alls 7. og er ein í miðju, því að þar rís þetta verk hátt upp frá plötunni (undirlaginu), en næst plötunni eru 7 hringar og ofan á þá er þetta loptverk kveikt; í öllum lykkjum, sem á þessu upphafna verki verða, og í bilunum utan með hringunum eru korn og eigi öll jafnstór. Lindinn undir beltinu er úr rauðu skinni, er sett var að ráðum Sigurðar málara Guðmundssonar milli 1860 og 1870, og ganga fætur úr hverjum einstökum hluta silfurverksins í gegnum lindann og band dregið í að innan.

Belti þetta er bæði forn og merkilegur gripur, þar sem alt verkið er einkar vandað, og ber að ýmsu leyti langt af öllum öðrum samskonar gripum í safninu. Það er talið að vera frá 15. öld.

Það vita menn fyrst til beltis þessa, að það var í eigu Guðrúnar Einarsdóttur, móður Jóseps læknis Skaptasonar í Hnausum.

Á myndinni eru sýndir 3 partar af beltinu; efsti parturinn á myndinni sýnir beltishnappinn með 4 næstu beltissstokkum við hann og neðsti parturinn beltishringjuna með hringjustokkinum og $2\frac{1}{2}$ beltissstokki; en miðparturinn sýnir 2 neðstu stokkana af sprotanum.

Gamall stóll.

(Nr. 443).

Hann er mestallur úr birki, nema fjalar í setunni og botnинum úr greni, og mjög útskorinn. Fæturnir eru telgdir í líking við brugðinn starkong; að framanverðu er neðst útskorin fjöl með eins konar brugðnu, gegnskornu hnútaverki með laufum, í rómönskum stil, með snúning fyrir ofan; þessi fjöl er laus og negld með trénöglum á sléttu fjöl, sem greypt er í báða fæturna, og vantart þó nokkuð við annan endann og hefir þar að likindum verið önnur fjöl skorin og fest á sljettu fjölinu með sama hætti; en þar fyrir ofan er önnur fjöl og á hana skorin röð af hringum, sem ganga hver í annan; þar innan í er skorið með fábrotnu höfðaletri:

GUD IhS ChS DROTTINN.

Á stólbríkunum er og hnútaverk í sama stil og öðru megin stafirnir IhS, en hinu megin ChS.

Á neðstu þverfjölinu í bakinu, þá sem næst er setunni, er skorinn brugðinn strengur og þar fyrir ofan 15 telgdir pilárar. Þar fyrir ofan koma 3 þverfjalar, sem feldar eru saman á röndum og liggja við herðarnar, þegar setið er á stólnum; á neðstu fjölinni er bekkur með útskornum dýrum; þar eru mynduð tvö ferfætt dýr, sem eru að berjast, og liggur annað undir; þau bíta hvort í rófunu á öðru; þar næst er flugdreki að berjast við ljón; á miðri fjölinni er IhS innan í hring; þar næst er hestur, er stendur við tré, og síðast maður með snaghyrnda öxi að berjast við ferfætt kvikindi; alt meira og minna gegnskorið. Fyrir ofan þetta verk koma tveir snúningar á röndum fjálanna og bar fyrir ofan laufaviður gegnskorinn. Í efstu þverfjölinu ofanverða eru reknir inn 19 trénaglar hausstórir og skornir í líking við valhnút, en framan á fjölinu er skorin ein lína með sams konar höfðaletri, sem áður er nefnt, og þó miklu smærra:

ION ION SON A MIG SEIGER STOLLIN

GUD IESUS ChS SE MED OS

Á aptari stólbrúðurnar að framan er skorinn laufaviður í rómönskum stil og ofarlega á þeim öllum fjórum eru telgdir eins konar brugðnir valhnútar, en þar ofan á fjórir riddarar; einn þeirra, sá sem verið hefir á stólbrúðunni hægra megin, þegar setið er á stólnum, er fyrir löngu brotinn af fyrir neðan mitti og týndur, en mun hafa verið heill, er safnið eignaðist stólinn; riða þeir við bezli með snoppuól og í söðlum með háum kerlingum að framan, kringlóttum að ofan, eins og á gömlum kvensöðlum. Riddararnir hafa spánskán búning, sem tíðkaðist mjög hér á landi á 16. öld; tveir þeirra, þeir er til vinstri handar eru, þá er setið er á stólnum, hafa kollhúfu

á höfði, með litlu niðurbroti á hnakkanum, með einföldu bandi yfir um, en einn virðist að bera lágan hatt á höfði með litlu bardí og snúnu skrautbandi um, stutta Treyju sléttu með standkraga eða heldur linkraga hálfuppstandandi. Ermarnar á þeim öllum eru sléttar og uppvíðar; treyjurnar slá sér allar út fyrir neðan mittið og eru sléttar á tveimur, en með fellingum fyrir neðan mittið á tveimur; stuttvíðar spánskar brækur með útskornum 4—5 geirum á lærunum á tveimur, en á öðrum tveimur með 6—7 bordum niður eptir lærunum í stað geiranna. (Sbr. Skýrslu um Forngrípasafn Íslands, II, 49 og 161 bls.).

I stólsetunni er laus fjöl eða lok og botn neðst; má því geyma töluvert í stólnum.

Stóllinn er yfir höfuð mjög likur þeim alþektu Grundarstólum, sem nú eru í Þjóðmenjasafninu í Kaupmannahöfn, og þó varla svo gamall sem þeir. Hann var áður í Draflastæðakirkju í Fnjóskadal. A Draflastöðum bjó á ofanverðri 16. öld Jón sonur Jóns kolls Ormssonar og mun stóllinn vera smiðaður handa honum, en ekki vera upphaflega gerður til þess að vera kirkjustóll; á þetta bendir bæði það, að nafn hins fyrsta eiganda er á hann skorið, og svo hitt, að bakið á honum er óvandað og með engum útskurði að aptan, af því að hann hefir átt að standa upp við vegg, en eigi á miðju gólfí.

Stóllinn var gefinn safninu 1868 af Tryggva Gunnarssyni, bankastjóra, er þá bjó á Hallgilsstöðum í Fnjóskadal.

Skýrsla.

I. Aðalfundur félagsins.

Aðalfundur félagsins var haldinn 18. sept. 1897. Formaður skýrði frá hinu helzta, er koma mundi í Árbók félagsins fyrir þetta ár; væri eigi enn farið að prenta hana vegna annrikis prentsmiðjunnar, en á því mundi verða byrjað svo fjótt sem kostur væri á. Brynjólfur Jónsson hefði í sumar eins og að undanförnu unnið í þjónustu félagsins; hetði hann fyrst farið austur í Rangárvallásýslu að rannsaka eyðibýli þar, en seiðna eptir tilblutun félagsins fylgst með Premierlöjtinant Bruun á rannsóknarferð um eyðibyggðir í Arnessýslu. Bruun vildi sem sje gjarnan vera í samvinnu við félagið við fornleifarannsóknir sínar hjer á landi og hann hefði lofað, að láta til forngripasafnsins hjer allar þær fornmenjar, er hann kynni að finna. Því næst bar formaður fram þá uppástungu félagsstjórnarinnar, að Premierlöjtinant Bruun væri gjörður að heiðursfjelaga og var það samþykkt með öllum atkvæðum.

Fram var lagður endurskoðadur reikningur félagsins fyrir 1896 og höfðu engar athugasemdir verið við hann gjörðar.

Samþykkt var eptir uppástungu félagsstjórnarinnar að gefa landsbókasafninu tímarit ýms og bækur, er féluginu hafa verið send frá ýmsum útlendum félögum og stofnunum.

Formaður gat um, að til félagsstjórnarinnar hefði komið á-skorun frá Þjóðgripasafninu í Kaupmannahöfn, 2. deild, um að styðja að því, að á heimssýningunni í París árið 1900 yrði sýnt safn af hlutum, er gæfu upplýsingar um lifnaðarhátt manna og síðu hjer á landi á liðnum tínum; félagsstjórnin hefði tekið vél í þetta og hefði hún kosið formann og varaformann félagsins til þess fyrir félagsins hönd að ganga í nefnd með yfirstjórnendum forngripasafnsins og umsjónarmanni þess, í því skyni að koma málí þessu til framkvæmdar, ef til þess fengist fjárstyrkur sá, sem þörf er á.

Því næst voru kosnir embættismenn, fulltrúar og endurskoðunarmenn félagsins.

Að lokum hjelt Premierlöjtnant Bruun fyrirlestur, þar sem hann í stuttu máli skýrði frá fornleifarannsóknum sínum í sumar.

II. Stjórnendur félagsins.

Formaður: Eiríkur Briem, prestaskólakennari.

Varaformaður: Pálmi Pálsson, latínuskólakennari.

Fulltrúar: { Björn M. Ólsen Dr. latínuskólastjóri.
Hannes Þorsteinsson, ritstjóri.
Indriði Einarsson, endurskoðari.
Pálmi Pálsson, lalinuskólakennari.
Steingrímur Thorsteinsson, yfirkennari.
Þórhallur Bjarnarson, forstöðumaður prestaskólans.

Skrifari: Indriði Einarsson, endurskoðari.

Varaskrifari: Hallgrímur Melsted, bókavörður.

Fjehirðir: Þórhallur Bjarnarson, forstöðumaður prestaskólans.

Varatjehirðir: Sigurður Kristjánsson, bóksali.

Endurskoð { Jón Jensson, yfirdómari.
unarmenn. { Valdimar Ásmundarson, ritstjóri.

III. Reikningur

yfir tekjur og gjöld Fornleifafjelagssins árið 1896.

Tekjur:	kr. a.
---------	--------

1. Í sjóði frá fyrra ári:	
a, geymt í sparisjóði	kr. 979,29
b, í vörzlum dr. Finns Jónssouar í Khöfn —	41,70
c, hjá fjehirði	<u>— 259,40</u>
	1280 39
2. Tillög og andvirði seldra Árbóka (flgsk. 1)	137 00
3. Styrkur frá Forngrípasafninu til að spyrja upp forn-	
gripi	75 00
4. Styrkur úr landsjóði	300 00
5. Vextir úr sparisjóði til $\frac{31}{12}$ '96	32 64
	Samtals;
	1825 03

Gjöld:

1. Kostnaður við árbókina 1896, prentun hefting, og út-sending (flgsk. 2, a—f.)	363 11
2. Greitt Brynjólfí Jónssyni fyrir fornleifarannsóknir o. fl. (flgsk. 3, a. og b.)	160 00
3. Ýmisleg útgjöld (flgsk. 4. a—b)	6 05
4. Í sjóði 31. desember 1896:	
a. geymt í sparisjóði landsbankans . . . kr. 1011,93	
b. hjá fjehirði — 283,94	1295 87
	Samtals: 1825 03

Reykjavík 28. janúar 1897.

Pórhallur Bjarnarson.**IV. Fjelagar.****A. Æ filangt.¹**

Asgeir Blöndal, læknir, Eyrarbakka.
 Anderson, R; B. prôfessor, Ameríku.
 Andrjes Fjeldsted bóndi, Hvítárvöllum.
 Ari Jónsson, bóndi á Þverá, Eyjaf.
 Árni B. Tþorsteinsson, r.: landfógeti, Rvík.
 Arnljótur Ólafsson, prestur, Sauðanesi.
 Björn M. Ólsen, dr., skólastj. Rvík.
 Bogi Melsted; cand. mag., Khöfn.
 *Bruun D., Premierlöjtinant, Viborg.
 Carpenter, W. H., prôf., Columbia-háskóla,
 Ameríku.
 Dahlerup, Verner, c. mag., bkv. Khöfn.
 Eggert Laxdal, verzlunarstjóri, Akureyri.
 Eiríkur Jónssou, viceprófast, Khöfn.
 Eiríkur Magnússon, M. A., r., bókavörður,
 Cambridge.
 *Elmer, Reynolds, dr., Washington.
 Fiske Willard, prôf., Florence, Ítalíu.
 Goudie: Gilbert, F. S. A. Scot., Edinburgh.
 *Hazelius: A. R., dr., fil., r. n., Stokkhólmi.
 Henry Petersen, dr., Museumsdirektör, K-,
 höfn.
 Hjörleifur Einarsson, r., prôf., Undirfelli.

Jóhannes Böðvarsson, snikkari, Lágafelli.
 Jón Gunnarsson, verzlunarstjóri i Keflavík.
 Jón Guttormsson, f. prôf., Hjarðarholti.
 Jón Jónsson, prôf., Stafafelli, Lóni.
 Jón Vidalín, kaupmaður, Khöfn.
 Jón Þorkelsson, dr. fil., r., rektor, Rvík.
 Kjartan Einarsson, prófastur, Holti.
 Kristján Zimsen, kaupmaður, Rvík.
 Lárus Benidiktsson, prestur, Selárdal.
 Löve, F. A.: kaupmaður, Khöfn.
 Magnús Andrjesson, prôf., Gilsbakka.
 Magnús Stephensen, komm. af dbr. og
 dbrm. landshöfðingi, Rvík.
 Maurer, Konráð, dr. jur., prôf., Geheimerað, München.
 Müller, Sophus, dr. museums direktör,
 Khöfn.
 *Nicolaisen, N., antikvar, Kristianiu.
 Ólafur Johnsen, adjunkt. Óðinsey.
 Pencock Bligh, esq., Sunderland.
 Phené, dr., Lundánum.
 Schjödtz cand. pharm. Óðinsey.

1) Stjarnan (*) merkir heiðursfjelaga.

Sighvatur Árnason, alpm., Eyvindarholti.
 Sigurður Stefánsson, prestur, Vigur.
 Stampe, Astrid, barónessa. Khöfn.
 Stefán Guðmundsson, verzlunarstjóri. Djúpavogi.
 *Storch, A., laboratoriums-forstjóri, K.-höfn.
 Styffe, B. G. (r. n.) dr. fil., Stokkhólmi.
 Thomsen, H. Th. A., kaupm., Rvík.

Thorhildur P. Holm, frú, Rvík.
 Torfi Bjarnason, skólastjóri í Ólafsdal.
 Wendel F. R., verzlunarstjóri, Þingeyri.
 Wimmer, L. F. A., dr. fil., próf.. Khöfn.
 Þorgrímur Johnsen, fyrv. hjeraðslæknir, Rvík.
 Þorvaldur Jónson, hjeraðsl., Ísafirði.
 Þorvaldur Thoroddsen, dr., skólakennari, Rvík.

B. Með árstillagi.

Amira, Karl v., dr., próf., München 96.¹
 Arnþjörn Ólafsson, kaupmaður, Keflavík 85.
 Arpi, Rolf, dr. fil., Uppsöldum. 97.
 Benedikt Kristjánsson, fyrrum prófastur. Rvík. 96.
 Bjarni Jansson, læknir, Hörgsdal 82.
 Bjarni Þórarinsson, f. próf., Útskálum. 81.
 Bjarni Þorkelsson, smiður í Ólafsvík. 92.
 Björn Guðmundsson, múnari. Rvík. 87.
 Björn Jónsson, ritstjóri. Rvík. 96.
 Brynjólfur Jónsson, fræðimaður, Minnanúpi. 97.
 Collingwood, W. G., málari, Coniston, Lancashire. England.
 Daniel Thorlacius, f. kaupm. Stykkishólmi. 92.
 Davíð Scheving Thorsteinsson, hjeraðslæknir, Stykkishólmi. 80.
 Einar Jónsson, kaupmaður, Eyrarbakka. 93.
 Eiríkur Briem, prestaskólakennari, Rvík. 96.
 Eiríkur Gíslason, prestur, Staðastað. 82.
 Eyþór Felixson, kaupmaður, Rvík. 96.
 Finnur Jónsson, dr., Khöfn. 96.
 Forngrípasafnið í Rvík. 97.
 Friðbjörn Steinsson, bóksali, Akureyri 85.
 Friðrik Stefánsson, bóni, Skálá. 94.
 Geir Zoëga, drbm., kaupmaður. Rvík. 96.
 Gering, Hugo, prófessor, dr., Kiel. 96.
 Greipur Sigurðsson, bóni, Haukadal. 92.

Grímur Jónsson, kennari, Ísafirði. 82.
 Guðmundur Guðmundsson, bóni, Ljárskogum. 88.
 Guðmundur H. Finnbjarnarson, Stað, Aðalvík.
 Guðmundur Pálsson, beykir, Ísafirði. 86.
 Guðni Guðmundsson, læknir, Borgundahólmi. 85.
 Gustafsson, G. A., Filos. licentiat, konservator, Bergen. 93.
 Halldór Briem, kennari, Möðruvöllum. 97.
 Halldór Danielsson, bæjarfógeti, Rvík. 96.
 Halldór Kr. Friðriksson, r., yfirkennari, Rvík. 95.
 Halldór Guðmundsson, f. skólakennari, Rvík. 85.
 Hallgrímur Melsted bókavörður í Rvík. 96.
 Hallgrímur Sveinsson, r., biskup, Rvík. 96.
 Hannes Þorsteinson, cand. theol., ritstjóri, Rvík. 96.
 Harrassowitz, Ottó, bóksali, Leipzig. 95.
 Helgi Jónsson, faktor, Borgarnesi. 96.
 Horsford, Cornelia, miss, Cambridge, Massachusetts, U. S. A.
 Indriði Einarsson, endurskoðari í Rvík. 93.
 Jakob Atanasiusson, Gerði, Barðaströnd. 92.
 Jón Jónsson, kand. med. & chir. 94.
 Jóhannes Sigfusson, kand. theol., Hafnarfirði, 87.
 Jón Borgfirðingur, f. löggæzlum., Akureyri. 96.

1) Ártalið merkir að fjelagsmaðurinn hefur borgað tillag sitt til félagsins fyrir það ár og öll undanfarin ár, síðan hann gekk í fjelagið.

- Jón Jensson, landsyfírrjettardómari, Rvík. 96.
- Jón Jónsson, prófastur, Hofi, Vopnafirði. 95.
- Jónas Jónasson, prestur, Hrafnagili. 93.
- J. Th. Johnsen, Suðureyri, Tálknafirði. 84.
- Jörgensen, P., kapteinn, Stafanger. 92.
- Kaaland, Kr., dr. phil., Khöfn. 96.
- Kristján Andresson, skipstjóri, Meðaldal, Dýrafirði. 84.
- Kristján Jónsson, yfírrjettardómari, Rvík. 95.
- Lestrarfjelag Fljótshlíðar. 95.
- Lestrarfjelag Austurlandeyinga. 95.
- Magnús Helgason, prestur, Torfastöðum. 97.
- Mattias Jochumsson, prestur, Akureyri. 80.
- Mattias Ólafsson, verzlunarmaður, Þingeyri. 83.
- Mogk E., dr., prófessor, Leipzig. 95.
- Montelius, O., dr. fil., Am., Stokkhólmi. 95.
- Ólafur Guðmundsson, læknir, Stórlfshvoli. 81.
- Ólafur Ólafsson, prófastur, Hvöli. 81.
- Olafur Olafsson, prestur, Arnarbæli. 81.
- Olafur Thorlacius, hreppstj., Stykkishólmi. 83.
- Ólafur Sigurðsson, dbr.m. í Ási. 96.
- Páll Briem, amtmáður, Akureyri. 96.
- Páll Melsted, sögukennari, Rvík. 96.
- Pálmi Pálsson, skólakeunari, Rvík. 96.
- Paterson, W. G. Spence, breskur konsíll, Rvík. 96.
- Pjetur Jónsson, blikkari, Rvík. 95.
- Pjetur J. Thorsteinsson, kaupmaður, Bildudal. 94.
- Rannveig Jóhannesdóttir, kaupmannsfrú, Rvík. 96.
- Rygh, Olaf, dr., prófessor, Kristjaniu. 95.
- Sigfús H. Bjarnarson, konsíll, Ísafirði. 94.
- Sigurður Briem, kand. polit., Rvík. 92.
- Sigurður E. Sverrisson, sýslumaður, Bæ, Hrútafirði. 94.
- Sigurður Gunnarsson, prófastur, alpingism., Stykkishólmi. 81.
- Sigurður Kristjánsson, bóksali, Rvík. 96.
- Sigurður Sigurðsson, kennari í Mýrarhúsum. 97.
- Staatsbibliothek i München. 95.
- Stefán Egilsson, műrari, Rvík. 84.
- Stefán Thorarensen, f. sýslum., Akureyri. 96.
- Steingrímur Johnsen, kaupmaður, Rvík. 96.
- Steingrímur Thorsteinsson, yfirkennari, Rvík. 96.
- Steinnordh, J. H. V., theolog. + fil. dr. (r., n.), Linköping. 93.
- Sæmundur Jónsson, b., Minni-Vatnssleysu. 89.
- Tamm, F., A., dr. docent, Uppsölum. 94.
- Torfi Halldórsson, kaupmaður, Flateyri. 82.
- Tryggvi Gunnarsson, bankastjóri, Rvík. 96.
- Tvede, lyfsali i Reykjavík. 96.
- Valdimar Ásmundarson, ritstjóri, Rvík. 96.
- Valdimar Briem, r., próf., Stóranúpi. 95.
- Valdimar Örnólfsson, verzlunarmaður, Isa-firði. 83.
- Valtýr Guðmundsson, dr. fil., docent, Khöfn. 95.
- Póra Jónsdóttir, frú, Reykjavík. 95.
- Pórður Thoroddsen, hjeraðslæknir, Keflavík. 80.
- Pórhallur Bjarnarson, lektor, Rvík. 96.
- Þorleifur Jónsson, prestur, Skinnastöðum, 96.
- Þorsteinn Benediktsson, prestur, Bjarnanesi. 88.
- Þorsteinn Erlingsson, ritstjóri, Seyðisfirði.
- Þorsteinn Jónsson, hjeraðslæknir, Vest-mannaeyjum. 97.
- Þorvaldur Jakobsson, prestur, Haga Barðaströnd. 93.
- Þorvaldur Jónsson, prófastur, Ísafirði. 89.

Leiðrjettingar

við Árbók fornleifafjelagsins 1896.

Bls. 12. linu 24. »þó« les »það«. Bls. 18. l. 7. »Sjást« les »þau« og l. 13. á eptir »hlöðu« vanta orðin: »Sjer fyrir fornum túngarði ofan af hæðinni niður að ánni«. Bls. 33. l. 31. »likingum« les »líkindum«. Bls. 41. l. 1. »þetta« les »þau«. Bls. 52. l. 37. á »m. Harðivöllur« að vera í svigum.

Hóftóft í Bersatungu, blótsteinn og ákur.


I

a. Hóftóftin. b. Blótsteinn. C akurinn.



Búðahamar eða Straumfjarðarþingstaður.


II



Bær Bjarnar Hítdælakappa í Hólmi.

- A. Bæjarhóllinn með rústinni. B. Heimreiðartraðir.
C. Bæjarlækur. D. Vatnsveitingarásin frá honum.



III.



IV.

Fjall i Ölfusi

- A. Bæjartóftin.
B. Vegur (forn) yfir hlaðið.
C. Fjós og heygarður.
D. Tóft á hlaðinu (bænhús?).





Dodd & Cross

